

**VESTFIRSKIR  
VERKTAKAR**  
www.vverk.is

Hábrýstipvottur  
Kjarnaborun  
Steinsögun  
Sími: 456 6600

Nýtt og öflugt  
**verkfæri**  
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu  
• Lánsúmsókn á netinu

**Íbúðalán.is**  
www.ibudalan.is



Símanúmer  
Landsbankans  
á Ísafirði  
er  
**410 4156**

 Landsbankinn  
Sími 410 4156  
Fax 410 3018



**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**  
**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 7. júní 2007 · 23. tbl. · 24. árg.

**Hagfræðileg rök byggðastefnu**

– sjá viðtal á miðopnu við Kristinn Hermannsson hagfræðing, Ísafirðing og fyrrverandi bæjarfulltrúa Ísafjarðarbæjar þar sem hann reifar rök með og á móti byggðastefnu og segir okkur hver vegna hann er á móti Bubba Morthens





Var orðinn hundleiður

**Kaupir gistihúsið**

Hótel Ísafjörður hefur keypt Gamla gistihúsið á Ísafirði af Ferðapjónustu Margrétar og Guðna ehf., sem og Mánagötu 1 þar sem hefur verið íbúðarhús og gistingualeiki. Samkvæmt heimildum blaðsins munu hjónin Elías Oddsson og Ingibjörg Svavarsdóttir sjá um reksturinn.

Ferðapjónusta Margrétar og Guðna á Ísafirði (FMG) hóf rekstur Gamla gistihússins 30. júní árið 2000 eftir gagnrægar endurbætur. Húsið er sögufrægt en árið 1896 reis nýtt sjúkrahús við Spítalagötu á Ísafirði sem síðar fékk heitið Mánagata og var tekið í notkun árið eftir.

**Landflutningar Samskip 10 ára**



Landflutningar Samskip héldu upp á 10 ára afmæli sitt á Vestfjörðum um síðustu helgi. Blásið var til afmælisveislu á sjúkrahússtúninu á Ísafirði, þar sem steiktur voru pylsur, hoppað í hoppkastolum og dansað undir song og spili. KFÍ setti upp þrautabraut fyrir yngstu kynslóðina, sem vakti að vonum mikla lukku. Sérstaklega gott veður var á Ísafirði um helgina, sem jók enn á afmælisgleðina. Þessar ungu stúlkur nutu lífsins í afmælinu.

**SAGÐI BANKANUM SÍNUM UPP!**

Ætlar að reyna við Sparisjóðinn

Við lögum okkur að þínum þörfum

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálfyrirtæki sem þú skiptir við. Hjú Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þerfr viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

 SPARISJÓÐURINN  
– fyrir þig og þína

Við flytjum allt ...  
... og ekkert er of stórt fyrir okkur



**EIMSKIP**  
flytjandi

Franskilla | 400 Ísafirðingar | Sími 525 2800 | Fax 525 2899 | www.flytjandi.is



## Dagurinn í dag

7. júní 2007 – 158. dagur ársins

**Þennan dag** árið 1904 tók Íslandsbanki, hinn eldri, til starfa. Hann hafði einkarétt á seðlaútgáfu. Bankanum var lokað 3. febrúar 1930 og þennan dag árið 1992 kom nýr Herjólfur til Vestmannaeyja, 70 metra langt skip sem gat flutt 480 farþega og 62 fólksbíla.

## „Niðurstaða liggir fyrir sem fyrst“



Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur til við hlutaðeigandi aðila að lögð verði áhersla á að sem fyrst verði gerðar Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps. Það sé forsendan fyrir því að sveitarstjórnir geti tekið ákvörðun um mögulega staðsetningu olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum og mikilvægt að niðurstaða í málinu liggir fyrir sem fyrst.

# Fjölsótt og vel heppnuð sjómanna dagshelgi í Bolungarvík

Hátíðarhöld sjómanna dagsins í Bolungarvík voru fjölsótt og vel heppnuð. „Við fengum gott veður og þegar þannig er kemur fólkið. Þetta gekk allt rosalega vel.“ segir Sigurbjörg Hallgrímsdóttir, einn skipuleggjenda hátíðarhaldanna. Dagskráin spannaði tvo daga og hófst að vanda á siglingu stærri báta Bolungarvíkur. Að henni lokinni var boðið upp á skemmtidagskrá á höfninni þar sem áhugasamir tókust á í kappróðri, belgiaslag og keppni í sjómanni ásamt fleiru. Um kvöldið var síðan boðið til hátíðarkvöldverðar þar sem ýmsir landþekktir skemmtikraftar komu fram. Á sjálfum sjómanna deginum gengu rúmlega 40 manns fylltu liði í

skrúðgöngu frá Brimbrjótum og upp að Hólskirkju. Að lokinni messu var lagður blómssveigur að minnisvarða látinna sjómanna í kirkjugarðinum.

Þá voru heiðursgjafir Einar Guðmundsson og Ásdís Hrólfsdóttir voru sæmd heiðursmerki sjómanna dagsins í guðspjónustu í Hólskirkju. „Einar hóf snemma að sækja sjóinn og byrjaði 17 ára síðutogaranum Hvalfelli og eftir það réð hann sig á Flosa ÍS 42 þar sem Jakob Þorláksson var skipstjóri. Hann fór á Einar Hálfðáni á sumarsild og reknnet með Hálfðáni Einarssyni og starfaði eitt ár á Húgrúnu Ís 17 með Leif Jónssyni og seinna þegar Hávarður Ol-

geirsson stýrði því fleyi. Einar gerði út Haukinn með Vagni Hrólfsyni tengdabróður sínum frá árunum 1958 til 1970. Hann var líka verkstjóri hjá Einar Guðfinnssyni og í Norðurtanganum og sótti sjóinn á Heiðrúnu og Dagrúnu um tíma. Útgerðarsaga fjölskyldu hans stóð í tæp 20 ár og gekk afar vel.

Saga Einars er samofin sögu Ásdísar konu hans því hlutur hennar í ævistarfi þeirra hjóna er síst minni en húsbóndans. Fyrir utan að sjá um heimilið og stóran barnahóp, annaðist Ásdís ýmislegt sem að útgerðinni laut og útvegaði það sem til þurfti þegar Einar var á sjónum og var ætíð hans stoð og stytta“, segir á vikari.is.



Heiðursgjafir Einar Guðmundsson og Ásdís Hrólfsdóttir voru heiðruð á sjómanna daginn.



Glatt á hjalla hjá árgangi 1948.

## Fögnuðu 45 ára fermingarafmæli

Árgangur 1948 frá Ísafirði hélt upp á 45 ára fermingarafmæli sitt á dögunum. Um 36 manns mættu á mótið, sem byrjaði á því að hist var í golfskálanum í Tungudal, þar sem gömul kynni voru rifjuð upp. Hópurinn ferðaðist um Ísafjörð og nærsveitir, fór yfir á Suðureyri í mat á Talisman, inn í Súðavík, út í Vigur og inn í Reykjanes, þar sem farið var í sund. Þá stoppaði hópurinn inni í Heydal, þar sem spilað var fyrir dansi fram á nótt.

Dagskrá mótsins var vegleg og náði yfir þrjú daga. Síðasta daginn var hist í Ísafjarðarkirkju, þar sem látinna félaga var minnst og gengið var til

altaris. „Þetta tókst mjög vel“, segir Guðrún Á. Stefánsdóttir, sem var einn skipuleggjenda. „Við skipulagningu lögðum við sérstaka áherslu á að ferðast út fyrir Ísafjörð, og skoða leyndarperlur Vestfjarða, eins

og t.d. Heydal. Það voru allir mjög ánægðir með það, enda margir sem hafa ekki komið hingað í fjöldi ára.“ Mótinu lauk með því að hópurinn gæddi sér á sjávarrettasúpu í Neðstakaupstað.

### Herbergi til leigu

Til leigu eru herbergi á gistiheimilinu að Núpi við Dýrafjörð. Aðgangur að stofu, eldhúsi, baði, vaskahúsi og geymslu. Leigist ódyrt.

Upplýsingar veitir Karl Jónatansson í síma 553 9355 og eftir 15. júní í síma 456 0240.

## Bændafundir

Kjötafurðastöðvar KS  
og Sláturhúss KVH ehf.

Boðað er til fundar með bændum á eftirtöldum stöðum:

Föstudagurinn 8. júní  
Sauðárkrúkur, Selö, kl.14:00

Þriðjudagurinn 12. júní  
Hrútafjörður, Borðeyri, kl.12:00  
Hólmavík, Sævangur, kl.16:00

Miðvikudagurinn 13. júní  
Hvammstangi, Sláturhús KVH, kl.15:00  
Dalir, félagsheimilið Árblik, kl.20:00

Fimmtudagurinn 14. júní  
Borgarfjörður, Félagsheimilið Valfell, kl.20:00

Föstudagurinn 15. júní  
Reykhólahreppur, Bjarkalundur, kl.12:00  
Barðaströnd, Flókalundur, kl.15:30  
Ísafjörður, Hótel Ísafjörður, kl.20:30

Rædd verða málefni afurðastöðvanna og undirbúningur komandi sláturtíðar

Veitingar í boði afurðastöðvanna.

Vonumst til að sem flestir sjái sér fært að mæta á fundina.



Kjötafurðastöð KS



Sláturhús KVH ehf.



## Margrét verði ráðin yfirmaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bærastjórn að Margrét Geirsdóttir verði ráðin í stöðu yfirmanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Margrét hefur síðustu ár unnið sem félagsráðgjafi hjá Ísafjarðarbæ, auk þess sem hún hefur setið í félagsmálanefnd. Umsækjendur um stöðuna voru þrír utan Margréta, Freydís Jóna Freysteinsdóttir, Pétur Björnsson og Unnar Reynisson. Freydís Jóna Freysteinsdóttir dró umsókn sína til baka vegna starfa annars staðar. Ingibjörg María Guðmundsdóttir, fráfarandi forstöðumaður, hefur verið ráðinn skólastjóri Þjórsárskóla í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



# Edinborgarhúsið opnað við hátíðlega athöfn

Edinborgarhúsið á Ísafirði var opnað við hátíðlega athöfn á sunnudag. Miklar og gagn-gerar endurbætur hafa verið gerðar á húsinu sem hýsir ýmsa menningartengda starfsemi, Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar, kaffihús, Upplýsingamiðstöð ferðamála og ferðaskrifstofuna Vesturferðir. Við opnun hússins flutti formaður stjórnar Edinborgarhússins, Jón Sigurpálsson, ávarp þar sem hann rakti sögu hússins og sagði frá því þegar hugmyndin um menningarhús kviknaði. Jóni var síðan afhent

húsið formlega af Hermanni Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Vestfirskra verktafa, sem sá um lokaendurbætur hússins.

„Dagurinn var alveg frábær,“ segir Jón, „undirtektir bæjarbúa voru mjög góðar, og raunar frammar öllum vonum. Það var stórkostlegt að fá þessi miklu viðbrögð. Mér skilst að yfir 1000 manns hafi komið í húsið í gær, sem er einstaklega ánægjulegt.“

Edinborgarhúsinu voru við opnunina færðar góðar gjafir, m.a. færði Verkalýðsfélag

Vestfirðinga húsinu flygil af gerðinni K. Kawai. Margvísleg skemmtiatriði voru á dagskrá, m.a. söng Mugison tvö lög, ballettnemendur og -kennari dönsuðu, gítarnemendur spiluðu undir fjölda-söng og Oddur Eliasson og Marta Sif Ólafsdóttir fluttu lag úr Skugga Sveini.

Edinborgarhúsið er eitt þriggja menningarhúsa á Ísafirði, hin eru Gamla sjúkrahúsið og tónleikasalurinn Hamrar. Húsið er byggt árið 1907 fyrir Edinborgarverslunina og var afar mikil vöfundar-

smíð á þeim tíma. Lengst af var húsið pakk- og frystihús. Húsið var teiknað af Rögnvaldi Ólafssyni, sem nefndur hefur verið fyrsti íslenski arkitektinn.

Í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar var húsið keypt af Edinborgarhúsinu ehf. en félagið er eign helstu menningarsamtaka bæjarins. Framtíðarsýn þeirra sem fóru af stað með það verkefni var að hýsa undir einu þaki sem flesta þætti menningarstarfsemi bæjarins.

– tinna@bb.is



Hermann Þorsteinsson afhendir Jóni Sigurpálssyni húsið formlega.



Fjöldi fólks var viðstaddur opnunina.



Jón Sigurpálsson, formaður stjórnar Edinborgarhússins flutti ávarp við opnunina.



Pétur Sigurðsson afhenti Margréti Gunnarsdóttur flygil, fyrir hönd Verkalýðsfélags Vestfirðinga.







# Stöndum vörð um réttindi launafólks

Finnbogi Sveinbjörnsson var kjörinn nýr formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga í vetur. Hann tekur við formennsku af Pétri Sigurðssyni sem hefur verið formaður félagsins frá því það var stofnað árið 2002. Áður var Pétur formaður Verkalýðsfélagsins Baldurs um áratuga skeið. Finnbogi hefur um árabíl verið starfsmaður Flugfélags Íslands á Ísafirði og tekst nú á við nýja hlutverkið af miklum móð. Bæjarins besta spjallaði við nýja formanninn um starfið.

„Ég hef verið virkur þátttakandi í störfum stéttarfélaganna frá því 1997, en þá sat ég í stjórn Verslunarmannafélags Ísafjarðar. Þegar vinnan við stofnun Verkalýðsfélags Vestfirðinga var komin á reksþöl kom Verslunarmannafélagið inn í það og má því segja að ég hafi tekið þátt í þeirri vinnu frá upphafi. Sameinaða félagið tók síðan til starfa í september 2002 og á vordögum 2003 var fyrsta lýðræðislega stjórnin kosin. Áður hafði verið starfsstjórn sem skipuð var formönnum þeirra félaga sem komu að stofnun Verk-Vest. Ég var kjörinn ritari í hina nýju stjórn og hef verið í þeirri stöðu þar til í byrjun maí. En undanfari þess að vera kjörinn formaður fer eftir ákveðnum leikreglum. Kjörnefnd óskar eftir tilnefningum í stjórn og trúnaðarstöðum innan félagsins, og síðan fer fram kosning innan stjórnar og trúnaðarmannaráðs. Í þeirri kosningu fékk ég nánast „rússneska“ kosningu. Síðan að lokinni tilnefningu þá er þetta val auglýst og samkvæmt okkar lögum óskað eftir mótframboðum. Það kom eitt mótframboð til stöðu formanns og var því gengið til kosninga meðal allra félaga Verk-Vest, en í lögum okkar er ekki nóg að maður sé útnefndur eins og tíðkast víða í stéttarfélögum, heldur hafa menn kost á bjóða

sig fram í hvaða embætti sem er innan félagsins. Þetta er gert til að allt fari sem lýðræðislegast fram.“

– Var það alltaf markmiðið að komast í formannssætið?

„Nei, það var nú aldrei stefnan. Menn voru farnir að velta hlutunum fyrir sér síðasta haust og þá fyrst kviknaði sú hugmynd. Pétur hafði ætlað að ýta félaginu úr vör og síðan draga sig til hlés, en síðan voru sífellt fleiri félög að sameinast Verk-Vest og þetta vatt meira upp á sig. Nú eru öll félög á Vestfirðum að undanskildu verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur í félaginu. Við erum því með starfssvæði frá Reykhólum og suður fyrir Hólmavík.“

Það veit hver Vestfirðingur að starfssvæði okkar er ansi erfitt yfirferðar en við reynum að sjálfsögðu eftir bestu getu að halda uppi einhverri starfsemi á öllum stöðum, en höfuðstöðvarnar eru á Ísafirði þar sem skrifstofan er opin alla virka daga. Við höfum reynt að halda stjórnarfundum sem víðast um svæðið en það gengur ekki alltaf vel vegna samgöngumála í fjórðungnum. Fólki hefur einmitt spurt að því af hverju við sendum svo oft frá okkur ályktun vegna samgöngumála í fjórðunginum eftir slíka fundi, en það er einmitt þegar maður fer frá sínu nánasta umhverfi sem maður upplifir hversu slæmar samgöngur Vestfirðingar búa við. Það er ekkert grín að ferðast yfir á suðursvæði yfir vetrartímann.“

## Ætla ekki að máta skóna hans Péturs

– Hvernig er að feta í fótspor svona þaulreynds verkalýðsforingja?

„Ég hef sagt það alveg frá byrjun að ég ætlaði hvorki að reyna máta mig í fötin hans Péturs né skóna. Ég ætla mun frekar að móta starfið eftir því

hvernig ég þróast með því. En það er ómetanlegt að hafa Pétur til þess að leita til því hann er ekkert horfinn af sjónarsviðinu. Ég spurði hann í vetur þegar ég var tilnefndur til formanns hvort hann gæfi veiðileyfi á sig ef ég þyrfti að leita til hans. Pétur tók því vel og ég er honum mjög þakklátur fyrir. Pétur hefur áratuga reynslu í verkalýðsstörfum og búinn að reyna ýmislegt í þeim málum. Þegar hann er á staðnum er sjaldnast þörf að fletta upp í bókum heldur nóg að spyrja hann. Að auki er fyrirverandi varaformaður Verk-Vest, Helgi Ólafsson, starfsmaður á skrifstofunni og hann er því líklegur fróðleiksbrunnur er kemur að þessum störfum, þannig að ég hef mjög góða menn að leita til þegar þörf er á.“

– Felst ekki mikil samvinna í svona starfi?

„Jú það gengur fyrst og fremst út á samstarf, og auðvitað það að fólkið finni að það geti leitað til okkar og finni trúnað og traust hjá okkur. Þegar fólk leitar til verkalýðsfélaga er það vegna þess að því finnst það hafa verið beitt misrétti, en að mínu mati á fólk ekki að biða heldur koma strax, áður en í ógöngur er komið. Meðan að viðkomandi veit að verið er að brjóta á honum en gerir ekkert í því er hann í raun orðinn meðvirkur og nánast samþykkir brotið með því að gera ekkert í málunum. Það eru erfðustu málin þegar einstaklingi finnst sem verið sé að brjóta á sér en er ekki viss og lætur það viðgangast. Síðan er viðkomandi kannski sagt upp störfum og þá kemur sprengingin, en það er sérstaklega erfitt að sækja slík mál. Þess vegna eiga menn að koma strax til verkalýðsfélagsins og óska eftir því að mál sín séu skoðuð ef einhver vafi er á.“

Efling félagsvitundar er því gríðarlega mikilvæg, að fé-

lagar séu meðvitaðir um hvaða rétt þeir eiga og að þeir taki virkan þátt í félagsstarfsemi. Sem dæmi þá varaði ég við þeirri bólu sem er víða að stinga sér niður núna að launþegar gerist svokallaðir gerviverktakar. Fólk gerir sér ekki grein fyrir því að með því að samþykkja slíkan gjörning er það að förna öllum réttindum sínum. Ef eitthvað kemur upp á stendur það eitt uppi. Með því að vera í stéttarfélagi, sama hvaða félag það er, er maður að tryggja sinn lýðræðislega rétt og rétt sinn ef á mann er hallað. Ef fólk verður fyrir heilsubresti eða brotið er á réttindum þess þá leitar það til viðkomandi stéttarfélagss sem síðan aðstoðar eftir þörfum. Það er mjög áriðandi að fólk förne ekki þeirri aðstoð fyrir einhverjar krónur í þessu gerviverktakakjafaði, eins og ég leyfi mér að kalla þetta, því þetta er stórvarasöm þróun. Menn átta sig ekki á því að með því að borga ekki þau gjöld sem þarf til að tryggja rétt sinn eru þeir að förna öryggisneti sínu. Áhættan í þessu er sú að menn freistast til að borga skattana sína og halda svo restinni eftir fyrir sig án þess að hugsa um afleiðingarnar.“

## Stöndum við bakið á félögum okkar

– Segja má að þú hafir hlotið eldskírinn inn í nýja starfið en skömmu eftir að þú tókst við sem formaður var 120 félögum Verk-Vest sagt upp í fiskvinnslunni Kambi á Flateyri. Slík mál hljóta að taka á tilfinningalega, hvað þá fyrir nýjan formann, hvernig hefur þér gengið að kljást við það?

„Ég vann lengi vel á Ísafjarðarflugvelli og í því starfi að mál sín séu skoðuð ef einhver vafi er á. Efling félagsvitundar er því gríðarlega mikilvæg, að fé-

öðruvísi. Hér er maður að eiga við harðan raunveruleikann, þar sem fólk er að missa lífsviðurværi sitt þegar uppsagnir taka gildi. Vissulega er þetta mikið álag en maður reynir að spila þetta eftir mannlega þættinum. Ekki vera með einhverjar upphrópanir sem skapa illindi og leiðindi á milli fólks, heldur að reyna leiðbeina því í gegnum þetta. Við reynum að styðja okkar fólk þannig að ekki sé verið að brjóta á rétti þess heldur séu málin unnin eftir lögformlegum leiðum þannig að réttindi séu í hávegum höfð. Fólk á sinn lögbundna uppsagnarfrest, eins réttinn til atvinnuleysisbóta ef það missir vinnuna án þess að hafa fengið aðra vinnu. Ég lít þannig á hlutina að hlutverk stéttarfélaganna sé að tryggja það að ekki sé verið að troða á réttindum þessa fólks sem missir atvinnuna.“

Ég hef sagt það frá upphafi að það verði að líta á þann vanda sem er kominn upp á Flateyri á raunsæjan hátt. Lausnin er ekki svo einföld að hægt sé að leysa þetta með framboði á störfum utan Flateyri, það er bara hluti vandans. Ég veit að lítið er á svæðið frá Þingeyri til Bolungarvíkur sem eitt atvinnusvæði, og jafnvel talað um landið sem eitt atvinnusvæði ef nýjar lög-gjafir ná fram að ganga, en við vitum það mætavel að yfir vetrartímann er okkar svæði mjög erfitt samgöngulega séð. Tökum sem dæmi af einstaklingi búsettum á Flateyri sem er boðin vinna í Bolungarvík, hann þarf þá að komast til og frá Bolungarvík á hverjum degi og ef hann kemst ekki vegna ófærðar fær hann ekki greidd laun fyrir þann tíma sem tapast. Í kjarasamningum hjá mörgum öðrum félögum er réttur félaga tryggður í svona málum og við þurfum að huga betur að þessu innan okkar raða. Ef við ætlum að hafa þetta eitt atvinnusvæði

þurfum við að passa að ekki sé verið að skerða laun fólks ef það kemst ekki til vinnu vegna ófærðar. Ef ekki er hægt að tryggja það geta atvinnurekendur setið uppi með það vandamál að fólk sé tregt til að sækja vinnu annars staðar en á þeim stað sem það býr. Á Flateyri er fólk búíð að byggja upp sitt samfélag og vill búa og vinna á staðnum. Menn hafa í umræðunni klifað mikið á þeirri spurningu hve margir útlendingar búi á Flateyri, en það er ekki aðalatriðið, þetta eru þegar okkar samfélags, hvort sem þeir eru fæddir á Íslandi eður ei. Þeir skaffa tekjur inn í samfélagið og við eignum fyrst og fremst að tryggja fólki atvinnu á þeim stað sem það býr.“

## Verk Vest í stöðugri mótun

„Það er enn verið að móta starfið hjá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, það má segja að það sé sífellt í mótun. Við þurfum stöðugt að huga að því hvað sé best fyrir félaganum sem og félagið sjálft. Sem dæmi þá erum við með mjög öflugan sjúkrasjóð þar sem stöðugt er verið að leita leiða til þess að auðvelda félögum róðurinn ef veikindi koma upp. Í stjórn sjúkrasjóðsins er ávallt reynt að finna hvaða leið er best fyrir hvern og einn, við skoðum málin reglulega og lögum okkar að þörfum félagsmanna.“

Samkvæmt könnun sem gerð var á vegum starfsgreinasambandsins, sem reyndar nær ekki til verslunar- og þjónustugeirans, erum við að sinna félögum okkar mjög vel. Á meðan við höldum vöku okkar er félagið vel í stakk búíð að standa við bakið á sínum félagsmönnum“, segir hinn nýkjörni formaður Verk-Vest Finnbogi Sveinbjörnsson.

– thelma@bb.is





25%  
afsláttur

1.195 kr/kg  
Verð áður 1.594 kr/kg

Lambahryggur úr kjötborði\*

# Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 7. júní - 10. júní



1.829 kr/kg  
Verð áður 2.438 kr/kg

25%  
afsláttur

Svínalundir  
úr kjötborði\*



395 kr/kg  
Verð áður 609 kr/kg

35%  
afsláttur

Kjúklingaleggir  
magnpakki



399 kr

Freschetta  
pizzur



1.177 kr/kg  
Verð áður 1.682 kr/kg

30%  
afsláttur

Léttreyktar  
hunangs  
grísakótilettur



1.959 kr/kg  
Verð áður 3.019 kr/kg

35%  
afsláttur

BAUTABURID  
Hangiálegg



109 kr  
Verð áður 119 kr

Egils Mix  
2 lítrar



119 kr  
Verð áður 183 kr

Tveggja lítra  
T2 með  
sitrónu- eða  
perubragði



289 kr  
Verð áður 365 kr

Wesson  
grænmetis-  
eða kornolía  
1.42 ltr



149 kr/kg  
Verð áður 199 kr/kg  
Kínakál  
erlent

199 kr  
Verð áður 289 kr

Jarðaber  
200 gr

Samkaup **úrval**



## Álykta gegn olíuhreinsunarstöð

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Íslands, haldinn í Reykjavík 29. maí sl. lýsir andstöðu við hugmyndir um olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum. Í ályktun aðalfundarins segir að „olía og annað jarðefnaeldsneyti er orkugjafi gærdagsins og draga verður umtalsvert úr brennslu þess á komandi árum og áratugum, jafnvel hætta henni alveg.“ Í greinargerð Náttúruverndarsamtakanna um olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum kemur fram að það sé mat samtakanna að Íslendingum sé ekki heimilt að auka útstreymi gróðurhúsalofttegunda um það magn sem olíuhreinsunarstöð mun gera. Í greinargerðinni segir meðal annars: Það er óþrúttinn leikur að veifa 500 nýjum störfum framan Vestfirðinga í ljósi þess að sú starfsemi um ræðir stenst ekki skuldbindingar Íslands samkvæmt Kyoto-bókuninni. Sömuleiðis verða æðstu ráðamenn þjóðarinnar að upplýsa um þessar skuldbindingar Íslands og að ríkisstjórnin hefur markað sér loftslagsstefnu sem felur í sér að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50-75% fyrir 2050.

### Ritstjórnargrein

## Edinborgarhúsið

Þótt sitthvað hafi verið þar á döfinni síðustu fimmtán árin, gjörólikt því sem áður var svo áratugum skipti, og margt enn ógert til að koma því í það horf sem ætlað er, má segja að Edinborgarhúsið hafi formlega verið tekið í notkun á Sjómannadaginn.

Með þessum áfanga í endurbýggingu Edinborgarhússins til að gera það að miðstöð alhliða menningarstarfsemi má segja að þríhyrningnum sé lokað: Gamla sjúkrahúsið, nú glæsilegt safnahús – tónleikasalurinn Hamrar í tengslum við gamla Húsmæðraskólan – Edinborgarhúsið, vettvangur viðskipta og atvinnulífs á fyrri hluta síðustu aldar. Horft til baka verður ekki annað séð en, að það hafi verið skynsamleg ákvörðun að nýta þessi hús, sem hvert um sig á sína sögu, í stað þess að byggja nýtt hús eins og í boði var í samræmi við ákvörðun stjórnvalda um menningarhús á landsbyggðinni, sem kynnt var árið 1999.

„Við hér á Ísafirði kusum að fara þá leið að endurbæta gömul og sígild hús í stað þess að fara út í byggingar eins og önnur bæjarfélög hafa gert. Þess vegna verður starfsemi „menningarhússins“ í raun dreift í þrjú hús í stað þess að við byggjum eitt stórt. Okkur finnst þetta býsna vel lukkað vegna þess að um leið er verið að varðveita þessi hús sem til eru,“ sagði Jón Sigurpálsson, stjórnarformaður Edinborgarhússins og sá er stýrt hefur verkefninu, í samtali við Morgunblaðið á laugardaginn.

Allt þar til Edinborgarhúsið komst í hendur hinna stórhuga og framsýnu núverandi eigenda, var saga þess tengd verslun og atvinnurekstri af ýmsu tagi þótt sveiflur hafi verið á umsvifunum þar eins og lengst af hefur verið með atvinnurekstur á Íslandi. Næsta víst er að fjöldinn allur af yngri borgurum Ísafjarðarbæjar veit lítið um hvað gerðist þar innan veggja, allt frá því húsið var byggt fyrir réttum 100 árum. Um það er mikinn fróðleik að finna í grein eftir Ísfirðinginn Einar H. Eiríksson í Ársriti Sögufélags Ísfirðinga 1977: „Þættir úr sögu Edinborgar.“ Þar kennir margra grasa, sem koma nútímamanninum ókunnuglega fyrir sjónir.

Opnun Edinborgarhússins er mikil lyftistöng í menningarlífi á norðanverðum Vestfjörðum. Endurgerð þess fagnaðarefni. Húsið, breytt og farið að láta á sjá, hefur gengið í endurnýjun lífdaga, fengið upprunalegt útlit, nýtt hlutverk. Gjöf Verkalýðsfélags Vestfjarða, flygill sem vígður var við opunarhátíðina, ber vott um þá samstöðu og einhug sem myndast hefur um varðveislu Edinborgarhússins.

Edinborgarhúsið var ef til vill hætt að vekja eftirtekt innfæddra á árum áður. Í dag er það eitt af þeim húsum sem vekja mun hvað mestan áhuga þeirra er leggja leið sína til höfuðstaðar Vestfjarða.

s.h.

### Á þessum degi fyrir 41 ári

## Unglax fluttur með þyrlu


Margir sem áttu leið um Vesturlandsveg sl. laugardag ráku upp stór augu er þeir sáu, hvar stór þyrlvængja frá varnarliðinu á Keflavíkurlugvelli lenti þar skammt frá fiskiræktarstöðinni að Laxalóni. Sumir álitu jafnvel að þyrlan væri að nauðlenda þarna. Svo var þó ekki, heldur var erindi þyrlumanna að ná í 4-5000 unglaxa, sem voru í eigu fyrirtækisins Látravík hf., og átti að flytja þá með þyrlvængjunni til Láróss, sem er skammt frá Grafarnesi.

Löxunum sem flytja átti var komið fyrir í plastpokum, sem höfðu áður verið fylltir með vatni, en síðan var pokinn áfylltur með súrefni. Laxalón mun vera fyrsta fiskiræktarstöðin hér á landi, sem notar þessa flutningsaðferð, sem er að sögn Skúla Pálssonar á Laxalóni á allan hátt hagkvæmari en að flytja þá í kerum eða brúsum. Þegar unglöxunum hafði verið komið vel fyrir í þyrlunni hóf hún sig aftur á loft, og flaug beint til Láróss. Gekk ferðin mjög vel og drapst ekki einn einasti lax á ferðalaginu.

# Þráðlaus búnaður Ísafjarðarbæjar vekur athygli

Undanfarið hefur Ísafjarðarbær unnið að innleiðingu á þráðlausum búnaði frá bandaríska fyrirtækinu Firetide í samvinnu við Nýherja hf. Innleiðing þessi hefur vakið nokkra athygli út fyrir landsteinana og birtist frétt um hana hjá fréttapjónustunni PRNewswire. Þráðlaus búnaðurinn samanstendur af s.k. þráðlausu Mesh neti, og er fjórum möskvum sem eru tengdir innbyrðis miðstýrt frá Stjórnsýsluhúsinu.

Veturinn sem nú er liðinn er sá fyrsti sem netið hefur verið í notkun hjá Ísafjarðarbæ, á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Skemmst er frá því að segja að netið hefur reynst vel, en þráðlaus Mesh net henta afskekktum byggðum sérstaklega vel, þau eru örugg og leysa vandamál sem geta komið upp í tengslum við bandvídd. Valtýr Gíslason, kerfisstjóri Ísafjarðarbæjar



Þráðlaus búnaður Ísafjarðarbæjar vekur athygli út fyrir landsteinana.

segir netið hafa komið í staðinn fyrir dýrar leigulínur og mun það borga sig upp innan þriggja ára frá uppsetningu. Vetrarhörkur vel,“ segir Valtýr Gíslason, kerfisstjóri. „Kerfið er sérstaklega góð fjárfesting, þar sem það þolir

– tinna@bb.is

# 10. bekkingar í Norðvesturkjördæmi næstlægstir

Nemendur í skólum í Norðvesturkjördæmi voru með næstlægstu meðaleinkunnina úr samræmdu prófunum í 10. bekk í vor, samkvæmt fyrstu niðurstöðum Námsmatsstofnunar. Lökust var niðurstaðan hjá nemendum í Suðurkjördæmi, en best í Suðvesturkjördæmi. Fram kemur í skýr-

slu Námsmatsstofnunar, að meðaleinkunn nemenda í íslensku var 6,6 í Suðvesturkjördæmi, 6,5 í Reykjavík, 6,4 í Norðausturkjördæmi, 6,2 í Norðvesturkjördæmi og 5,9 í Suðurkjördæmi. Meðaleinkunn yfir landið allt var 6,4.

Í Stærðfræði var meðaleinkunn yfir landið allt 6. Í Suð-

vesturkjördæmi var meðaltalið 6,6, í Reykjavík 6,2, í Norðausturkjördæmi 5,9, í Norðvesturkjördæmi 5,6 og í Suðurkjördæmi 5,2. Í ensku var landsmeðaltal 7,1. Meðaltalið í Suðvesturkjördæmi var 7,3, í Reykjavík 7,2, í Norðausturkjördæmi 7,0 og 6,6 í Norðvesturkjördæmi og Suð-

urkjördæmi.

Prófað var í dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði en Námsmatsstofnun segir að vegna þess hve hlutfall nemenda, sem preytir próf í þessum greinum sé ólíkt eftir skólum og landshlutum sé samanturður milli landshluta með öllu marklaus. – tinna@bb.is

# Anna Ragnheiður og Kristinn sigruðu

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir og Kristinn Kristjánsson sigruðu á golfmóti sem Ísinn, ísverksmiðja hélt á Tungudalsvelli á sunnudag. Kristinn lék holurnar 18 á 76 höggum án forgjafar. Annar varð Weera Khiansanthiah á 78 höggum og þriðji varð Baldur Ingi Jónasson á 79 höggum. Í karlflokki með forgjöf sigraði

Guðni Ó. Guðnason á 67 höggum, annar varð Baldur Ingi Jónasson á 68 höggum og Weera Khiansanthiah varð þriðji, einnig á 68 höggum.

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir sigraði í kvennaflokki án forgjafar á 92 höggum. Önnur varð Sólveig Pálsdóttir á 95 höggum og þriðja varð Kristín Karlsdóttir á 109

höggum. Sólveig sigraði í kvennaflokki með forgjöf á 65 höggum, önnur varð Oddný Bára Birgisdóttir á 70 höggum og þriðja varð Anna Guðrún Sigurðardóttir á 74 höggum.

Ernir Steinn Arnarsson sigraði án forgjafar í unglingsflokki á 81 höggi, annar varð Anton Helgi Guðjónsson á 87

höggum og þriðji varð Ólafur Njáll Jakobsson á 104 höggum. Anton Helgi sigraði með forgjöf á 66 höggum, Ernir Steinn varð annar á 67 höggum og Ólafur þriðji á 73 höggum.

Náandarverðlaun mótsins fengu mæðginin Anna Guðrún Sigurðardóttir á 7/16. braut og Sigurður Fannar Grétarsson á 6/15. braut.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir,

símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is – Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, tinna@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125,

halldor@bb.is · Aþbyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasölverð er kr. 300

eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X



## Losun CO2 miðuð við lægstu gildi

Útblástur gróðurhúsalofttegunda frá olíuhreinsistöð getur verið allt að 2 milljónum tonna á ári. Í erindi Hafsteins Helgasonar frá verkfræðistofunni Línuhönnun, sem hægt er að nálgast vef Fjórðungssambandi Vestfirðinga, kemur fram að koltvísyringsmengun frá olíuhreinsistöð á Vestfirðum yrði 560 þúsund tonn. Við nánari eftirgrennslan kemur í ljós að sú tala er miðuð við allra lægstu gildi, eða 70 kg koltvísyringur per tonn. Losun koltvísyrings frá olíuhreinsistöðvum er á bilinu 70 – 250 kg/tonn, sumsé á milli 560 þús. og 2 millj. tonn á ári. Þessi gildi sýna stöðuna víðsvegar í heiminum. Í samtali við blaðið segir Hafsteinn það vera frekar líklegt að olíuhreinsistöð á Vestfirðum væri í lægri mörkunum vegna þess að hún verður byggð upp með nýjustu tækni og vegna þess að ætlunin er að nota raforku ef verð eru ásættanleg og sem minnst af olíunni til eigin orkuvinnslu. Hann tekur jafnframt fram að mjög effitt sé að gefa upp nákvæmar tölur á þessu stigi málsins.

# Óánægðir með úthlutun byggðakvóta

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur lýst yfir vonbrigðum með úthlutun byggðakvóta til bæjarins en hlutur Bolungarvíkur fiskveiðiárið 2006/2007 er 68 þorskígildistonn. Bæjarráð samþykkti ályktun þar sem segir að þetta fiskveiðiári hafi 48 starfsmönnum verið sagt upp hjá Bakkavík í Bolungarvík. Við það glötuðust um

60% starfa við fiskvinnslu í sveitarfélaginu. Byggðakvóti til Bolungarvíkur hafi dregist á sama tíma saman um 32%. Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, segir það vera í furðulegt að byggðakvóti minnki milli ára á sama og samdráttur sé í fiskvinnslu í Bolungarvík. Eitt helsta markmið úthlutunar byggðakvóta

ans sé að styrkja vinnslu í byggðum landsins og því verði þessi úthlutun til Bolungarvíkur að teljast vonbrigði.

Grímur segir sína skoðun vera að best sé að kvótanum verði úthlutað beint til sveitarfélaganna og þau leigi hann síðan út til útgerða í viðkomandi sveitarfélögum. Það sé

mun eðlilegra ferli, skapi tekjur fyrir sveitarfélagið og dragi úr líkum á úlfúð í manna millum þegar kvótanum er úthlutað. Raunin, undanfarin ár, er að ekki er þrautarlaust að dreifa kvótanum á milli útgerða þannig að allir séu sáttir.

Þróunin hafi sýnt að aukning aflheimilda í byggðarlagi þurfi ekki að þýða fjölgun starfa í fiskvinnslu. Til þess að ná markmiðum laganna þyrfti úthlutað magn að aukast umtalsvert og auk þess telur bæjarráð Bolungarvíkur eðli-

legt að byggðatengdum kvóta sé úthlutað beint til sveitarfélaga.

Í síðustu viku tóku gildi uppsagnir 33 starfsmanna Bakkavíkur og 15 til viðbótar missa störf sín þann 1. ágúst.

– smari@bb.is



Bolungarvík – óánægja með lítinn byggðakvóta.

## BT • Verslunarstjóri

**BT á Ísafirði leitar að verslunarstjóra**

**Verslunarstjóri ber m.a. ábyrgð á:**

- Daglegum rekstri verslunar og stjórnun starfsmanna
- Útliti verslunar og hámarks gæða í sölu og þjónustu
- Mótun og viðhaldi markvissra vinnubragða í versluninni, s.s. varðandi vörumeðhöndlun
- Eftirfylgd mánaðarlegra markmiða verslunar um sölu og kostnað

Við leitum að árangursdrifnum og ósérhlifnum einstaklingi sem hefur afburða hæfni í mannlegum samskiptum, ríka þjónustugleði og jákvæð viðhorf. Við leggjum áherslu á frumkvæði, hæfni til að axla ábyrgð og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Skipuleg og vönduð vinnubrögð eru mikilvæg til árangurs.

**Reynsla og hæfniskröfur:**

- Reynsla af verslunarrekstri og stjórnun með mannaforráðum er æskileg
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum æskileg
- Almenn þekking og áhugi á tölvubúnaði, raftækjum og annarri afþreyingarvöru er nauðsynleg

**Umsóknir með ferilskrá berist starfsmannastjóra á annabirna@ardegi.is. Umsóknarfrestur til 17. júní 2007.**

## Vegagerð um Arnkötludal komin á skrið

Vegagerð um Arnkötludal er hafin af krafti Geiradalsmegin og nú þegar er hægt að aka dagóðan spotta eftir nýja veginum. Stórvirkar vinnuvélar eru á staðnum og gengur verkið vel. Stysta leið fyrir Strandamenn til að bera dýrdina augum er um Laxárdalsheiði, því Tröllatunguheiði hefur enn ekki verið opnuð og nálgast þó júnímánuður óðfluga. Þetta kemur fram á Strandavefnum, en þar er vonast eftir því að vegurinn um Tröllatunguheiði verði opnaður fyrr en síðar, svo þeir Strandamenn sem mest vit hafa á vegalagningu komist yfir heiðina til að gefa verktökunum góð ráð um framhaldið.

Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki haustið 2009 en útlögn á neðra burðarlagi á að vera lokið 1. desember 2008 og frágangur þannig að hægt verði að heimila umferð um veginn þann vetur.

– tinna@bb.is

## Valdefling í verki – Fræðsludagar á Ísafirði

Fræðsludagar Hlutverkaseturs um batahvetjandi þjónustu og valdeflingu (empowerment) í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og Hugarafli

Fimmtudagurinn 7. júní	Föstudagurinn 8. júní
<p><b>Fundarstjóri:</b> Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur og Ómar Már Jónsson, sveitastjóri Súðavíkurhrepps</p> <p>08:30 Afhending fræðslugagna                      09:00 Stefna félagsmálaráðuneytis, Þór G. Þórarinnsson                      09:20 Batahvetjandi þjónusta, Auður Axelsdóttir                      10:00 Nemandi svefnisins, Hörður Gunnarsson                      10:15 Vesturafli, Harpa Guðmundsdóttir                      10:30 Kaffihlé                      10:50 Að vera fullgildur einstaklingur, Svava Ingbórsdóttir                      11:05 Hvetjandi umhverfi, Elin Ebba Ásmundsdóttir                      11:45 Starf Rauða Krossins, Bryndís Friðgeirsdóttir                      12:00 Hádegishlé                      13:00 Aðkoma Heilbrigðisstofnunarinnar, Auður H. Ólafsd.                      13:15 Notandi spyr Notanda, Kristjana Milla Snorraddóttir                      13:45 Kaffihlé                      14:05 Þankahrið, hópumræður                      15:00 - 16:00 Þankahrið, samantekt og framtíðarsýn</p> <p>Aðgangur er ókeypis og skráning óþörf                      Staðsetning: Hótel Ísafjörður, Silfurtorgi</p> <p>Glaerur og áhugavert efni er að finna á <a href="http://www.hugarafi.is">www.hugarafi.is</a></p>	<p><b>Fundarstjóri:</b> Laufey Jónsdóttir, framkvæmdarstjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfirðum</p> <p>08:50 Fræðsludagur hefst                      09:00 Vesturafli, Sigríður Magnúsdóttir                      09:15 Tækifæri, Kristín Þórisdóttir                      09:30 Að vera með, Elin Ebba Ásmundsdóttir                      10:00 Bati á hraða notenda, Haraldur Guðmundsson                      10:15 Stefán Dan Óskarss., Ráðgjafa- og Nuddstofunni                      10:30 Kaffihlé                      10:50 Þankahrið, hópumræður                      12:00 Hádegishlé                      13:00 Hlutverkum deilt, Auður Axelsdóttir                      13:30 Kurteis eða hreinskilin? Ingibjörg Snorradd. Hagallin                      13:45 Þankahrið - samantekt og framtíðarsýn                      15:00 Fræðsludögum lýkur</p> <p><small>Nánari upplýsingar hjá:                      Hlutverkasetri (AE starfsendurhæfingu)                      Sími: 517-3471 eða 690-3010                      netfang: kristjanamilla@internet.is</small></p>



## Dæmdur fyrir að sigla óhaffæru skipi

Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða til sektar fyrir að sigla óhaffæru skipi, þar sem haffærisskírteini var útrunnið. Maðurinn var ákærður fyrir brot á siglingalögum og lögum um eftirlit með skipum, með því að hafa föstudaginn 15. desember 2006 lagt bát sínum úr höfn óhaffærum vegna þess að haffærisskírteini hans var útrunnið. Landhelgisgæslan kom að bátinum þar sem hann var við veiðar og tilkynnti lögreglu sem hafði afskipti af bátinum við komu hans til hafnar í Bolungarvík. Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar hans fyrir framangreint brot, sem ákveðst 20.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í tvo daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dómsins.

# Ákvörðun um olíuhreinsunarstöð þarf að taka fljótlega

Ólafur Egilsson hjá Íslenskum hátækniönaði, leggur áherslu á vandaðan undirbúning en segir jafnframt að ákvörðun um byggingu olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum verði að taka eins skjótt og auðið er. Hann segir að fyrirhugað sé að reisa slíka stöð á Nýfundnalandi og það ýti á menn að vinna hratt og örugglega hér. Einnig þurfi að vera hægt að nýta sumartímann til umhverfismats, ella geti málinu seinkað um heilt ár.

Olíuhreinsistöðin sem fyrirhugað er að reisa á Vestfjörðum er með 8 milljón tonna árlega framleiðslugetu. Í erindi sem Hafsteinn Helgason frá verkfræðistofunni Línuhönnun hélt á kynningarfundum um olíuhreinsistöð á Vestfjörðum kemur fram að árleg losun koltvísýrings frá stöðinni geti orðið 560 þúsund tonn. Útblástur og úrgangsefni sem til falla í olíuhreinsistöð ráðast þó nokkuð af því hvaða afurðir hún vinnur úr jarðolíunni en þar gæti mikillar fjölbreytni, þótt einkum sé um að ræða eldsneyti fyrir ökutæki, skip og flugvélar. Ekki liggur fyrir á núverandi undirbúningsstigi hvernig framleiðsla olíuvinnslustöðvar hér myndi skiptast.

Samkvæmt heimildum blaðsins myndi áður nefnd koltvísýringslosun ekki rúmast innan ramma núverandi Kyoto-bókunar. Ekki var farið að ræða um olíuhreinsistöð hér þegar um hana var samið. Flestir kvótar eru uppunir og fellur olíuhreinsistöð ekki innan íslenska ákvæðisins. Fyrirnefnt ákvæði lýtur að losun orkufreks iðnaðs á gróðurhúsalofttegundum þegar orkunna er aflað með vistvænum hætti. Uppbygging álvera á Íslandi fellur undir íslenska ákvæðið en það mun olíuhreinsunarstöð ekki gera þar sem utanaðkomandi orkuþörf þess er ekki mikil. Minni orkuþörf olíuhreinsistöðvar er hins vegar tvímæla laus kostur þegar hugsað er til rasks á hálendinu og náttúruspjalla vegna virkjunarframkvæmda en andstaða við stóriðju héraðs hefur einkum beinst að þeirri hlið.

Ólafur segir að Kyoto-bókunin renni út árið 2012 og fljótlega muni verða samið um áframhald bókunarinnar og býst hann fastlega við því að Vestfirðir fái sinn skerf af losunarheimildum rétt eins og aðrir landshlutar. Fjögur til fimm ár tekur að reisa stöðina og mun hún vera komin í

rekstur á svipuðum tíma og Kyoto-bókunin rennur út. Ef þörf gerist muni verða kannaðir möguleikar á að afla kvóta erlendis frá. Það eru reyndar ekki einungis stór iðnfyrirtæki sem gefa frá sér gróðurhúsalofttegundir, t.d. komu árið 2004 um 23% heildarmagnsins frá skipaflota landsmanna og um fimm tungur úr umferðinni.

Ein af þeim spurningum sem Vestfirðingar hafa velt fyrir sér varðandi málið er hvers vegna það borgi sig að hreinsa olíuna hér en ekki Rússlandi þar sem uppsprettur eru og laun og umhverfisstaðlar mun lægri. Ólafur segir að m.a. þyki hagkvæmt viðskiptalega að geta afgreitt olíu frá sem flestum stöðum. Þar henti Ísland mjög vel. Landið er ekki langt frá uppsprettunum og stutt á markaði bæði í Evrópu og Ameríku.

Daginn eftir kynningarfundinn á Ísafirði kviknaði í olíutönkum í Noregi. Ólafur segir að vissulega fylgi starfsemi á áhætta, bæði af skipa-siglingum og hreinsunarstöðinni, rétt eins og áratuga löngum flutningi til og geymslu olíu í Örfirisey skammt frá fjölmennustu íbúðarbyggð landsins. Einnig stöðugum

eldsneytisflutningum á þjóðvegum landsins t.d. hinni fjölförnu leið milli höfuðborgarinnar og Keflavíkurflugvallar. Því sé það eindreginn ásetningur þeirra sem koma að þessu verkefni að öll framkvæmdin, allt frá ákvarðanaferlinu til hönnunar og reksturs stöðvarinnar, verði samkvæmt ströngustu öryggisstöðlum. Hann vekur athygli á að ekki kviknaði í olíuhreinsistöðinni í Mongstad, eins og villandi fréttarflutningur hermdi, heldur í tönkum hinum megin fjardarinnar sem hún er í þar sem geymdur var úrgangur frá borþöllum. Ekki má heldur horfa fram hjá því að vel gekk að slökkva eldinn.

Ólafur segir að öllu atvinnulífi fylgi áhætta, það þekki Vestfirðingar vel af sjósókn sinni í gengum aldirnar. Nú snúist málið um að Vestfirðingar geri upp við sig hvort þeir vilji njóta ávinnings af sí aukinni umferð rísaoliuskipa fram hjá Vestfjörðum eða hvort þeir vilji einungis bera áhættuna. Um sé að ræða starfsemi á mjög takmörkuðu svæði í einum firði Vestfjarða, þannig að algjörlega sé út í hött að verði sé að hafna ferðastarfsemi. Þvert á móti geti hún dafnað þegar margs-



Olíuhreinsunarstöðin í Mongstad.

konar þjónustustarfsemi og mannlíf eflist hér vestra. Einnig liggja beint við að úr hópi nálægt 80 háskólamenntaðs starfsfólks olíuhreinsistöðvar, þ.m.t. verkfræðinga og efnifræðinga, komi hæft fólk til háskólakennslu í tæknigreinum á Ísafirði.

Ekki eru nema þrjú ár síðan

fyrsta olíuflutningaskipið sigldi með farm frá Rússlandi til Bandaríkjanna. Árið 2015 er áætlað að 50 milljónir tonna af olíu verði flutt um íslensku lögsöguna. Auknir flutningar með olíu norður af landinu eru forsenda olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum.

– smari@bb.is

## STAKKUR SKRIFAR

# Nytjastofnar sjávar, útlit og horfur

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Alvarleg vandamál blasa við í sjávarútvegi. Viðar er nú stunið þungan undan ástandinu en á Flateyri. Hafrannsóknastofnunin hefur gefið út skýrslu um ástand nytjastofna sjávar. Niðurstaða er einföld og afar skýr. Útlitið er dökkt. Kjarni skýrslunnar er sá að ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar hafi ekki verið fylgt undanfarin ár. Árið 2006 var skráður þorskaflí 196 þúsund tonn. Nú er stofnstærð þorsks áætluð 649 þúsund tonn en fyrir ári 750 þúsund tonn. Hrygningarstofninn er aðeins helmingur þess sem talið er að gefi hámarksafkastur. Nýliðun síðustu sex ára er langt undir langtímameðaltali. Meðalþyngd flestra stofna er við sögulegt lágmark.

Hlutverk og gildi Sjómannadagsins fer minnkandi. Ástæðan er augljós. Stoðir atvinnulífs þjóðarinnar eru fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr. Tengsl almennings við sjó og fiskveiðar er langt frá því að vera bein og fækkað hefur í stétt sjómanna. Borgarlífið er í litlum tengslum við útgerð og fiskvinnslu. Færri þekkja sjómenn en áður. Fyrir nokkrum áratugum þekktu flestir Íslendingar einhvern sem stundaði sjó, annað hvort fiskveiðar eða farmennsku. Sjóflutningar eru ekki lengur líkir því sem áður var. Strandsiglingar eru nánast ekki ekki til staðar lengur. Afleiðing er sú, að tengsl þjóðarinnar við sjómennsku og skilningur á útgerð fiski- og farskipa er ekki lengur eins mikil og áður.

Engu að síður bregður flestum við skýrslu Hafrannsóknastofnunar sem

kynnt var nærri Sjómannadeginum. Fróðlegt verður að sjá hver viðbrögð sjávarútvegsráðherra verða. Verkefni hans verður erfitt. Skilaboð sérfræðinga stofnunarinnar eru mjög skýr og einföld. Ekki verði veidd meira en 130 þúsund tonn af þorski árið 2007. Er þá gengið út frá því að aflareglu verði breytt á þann veg að í stað þess að veiða 25% af stofnstærð skuli aðeins veiða 20% stofnstærðarinnar. Frá árinu 2004 hefur Hafrannsóknastofnunin lagt til þessa breytingu á aflareglu, en ekki hefur verið pólitískur vilji til þess að fara að ráðgjöf hennar.

Nú blasir við hrun þorskstofsins að óbreyttu. Háværar raddir eru uppi um að ekki verði farið að þessum ráðum. Verði það gert tapist tekjur sem nemi nærri 20 milljörðum króna. Hvorki Sjómannasambandið né LÍÚ virðast reiðubúin að taka slíka skerðingu á sig. En eru stjórnálmenn viljugir að bera ábyrgð á því að veittar verði aflaheimildir sem bersýnilega leiða til þess að þorskstofnin, sem nú er í sögulegu lágmarki og lítilli meðalþyngd, minnki enn frekar? Framundan hlýtur að vera alvarleg pólitísk umræða, sem hefja þarf upp fyrir venjulega ræðukeppni stjórnar og stjórnarandstöðu, sem stundum minnir á MORFÍS, ræðukeppni framhaldsskólanna. Allir kjörnir fulltrúar þjóðarinnar bera ábyrgð og fylgst verður með því hvernig þeir tala og bregðast við þessum háalvarlegu tíðindum.



## Bolvíkingar tapa tveimur tonnum vegna byggðakvóta

Skerðing fjögurra bolvískra útgerða vegna byggðakvóta eru 70 þorskígildistonn. Byggðakvóti Bolvíkinga er, samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins, 68 þorskígildistonn. Því má segja að tvö tonn fari frá Bolungarvík vegna þessa fyrirkomulags. Kvóti er skertur hjá öllum útgerðum í landinu, stórum sem smáum, vegna byggðakvóta, línuvinnunar og rækju- og skelbóta. Á yfirstandandi fiskveiðidagnum nemur skerðingin rúmum 12 þúsund þorskígildistönnum. Þetta kemur fram í samantekt Björns Jónssonar hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Af ísfriskum útgerðum má nefna að Hraðfrystihúsið Gunnvör í Hnífsdal fékk úthlutað 7.300 þorskígildistönnum 1. september s.l. en eftir niðurskurð vegna fyrrnefndra atriða minnkaði úthlutunin í tæp 7 þúsund tonn. Munurinn er 330 tonn sem hægt er að verðleggja á leigumarkaði sem andvirði 48 milljóna króna. Allar tölurnar eru miðaðar við úthlutun þann 1. september s.l. en leiguverð á kvóta er miðað er við hæstu verð í vetur.



Búið er að skrifa undir samning við Eirík Gísla Johansson og Halldór Karl Valsson um að taka við veitingastaðnum á Hótel Ísafirði.

## Eiríkur og Halldór taka við af SKG

Matreiðslumennirnir Eiríkur Gísla Johansson og Halldór Karl Valsson hafa skrifað undir samning við Hótel Ísafjörð um að taka við veitingastað hótelsins. Fyrir skömmu tilkynntu SKG veitingar, sem hafa séð um veitingastaðinn síðustu níu ár, að þær myndu hætta í sumar. „Við boðum engar gífurlegar stefnubreytingar á veitingastaðnum, segir

Eiríkur, allavega ekki til að byrja með. Við þurfum að finna okkur fyrst og skoða svo framhaldið. En við erum auðvitað ungar stórhuga menn með ferskar hugmyndir, þannig að þetta verður spennandi.“ Ekki er enn búið að finna nafn á veitingastaðinn, en Eiríkur leggur áherslu á að falllegt nafn verði valið. „Við ætlum að vanda okkur við nafn-

giftina, og líklega mun veitingafyrirtæki okkar bera annað nafn en veitingastaðurinn sjálfur, við munum leggja höfuðið í bleyti næstu daga til að finna heppileg nöfn.“ Halldór og Eiríkur eru báðir lærðir kokkar. Halldór var nemi á Hótel Sögu, og hefur m.a. unnið þar og í Perlunni. Þá vann hann Íslandsmeistarakeppni og norðurlandakeppni

nema í matreiðslu. Hann hefur einnig unnið í Frakklandi og Noregi. Eiríkur útskrifaðist sem kokkur í fyrra, en hann lærði hjá SKG og hefur unnið hjá þeim frá útskrift. „Ég held að allir séu ánægðir með þetta samkomulag, við Halldór erum orðnir spenntir að taka við og prufa okkur,“ segir Eiríkur Gísla Johansson.

– tinna@bb.is

## SGS vill markvissa stefnumörkun um atvinnuöryggi verkafólks

Framkvæmdastjórn Starfsgreinasambands Íslands krefst þess að unnið verði að markvissri stefnumörkun um atvinnuöryggi verkafólks í fiskvinnslu. Þetta kemur fram í ályktun framkvæmdastjórnarinnar. Stjórnin vill þannig koma í veg fyrir að geðþóttaákvæðanir kvótaeigenda geti lagt lífsgrundvöll fjölda manns í rúst í einum vettvangi. Í ályktuninni kemur fram að enn eitt áfallið blasi við í atvinnumálum sjávarbyggða eftir að fiskvinnslan Kambur ehf., á Flateyri tilkynnti að hún myndi hætta starfsemi og

selja allar aflaheimildir sínar burtu af svæðinu. „Verstu afleiðingar kvótaeigendur sem velja að hætta starfsemi og selja frá sér kvótann halda eftir milljarðahagnaði fyrir sig. Ójafnvægi og óréttlæti kerfisins blasir við, þar sem þeir sem skópu verðmætin, verkafólk og sjómenn liggja óbætt hjá garði. Í því sambandi eru rök eiganda um háa vexti, hátt gengi krónunnar, hátt verð á aflaheimildum og leigukvóta sem megin ástæða fyrir því að ekki er lengur rekstrar-

grundvöllur fyrir starfsemiinni, afar léttvæg. Þegar atvinnulífi og hagsmunum fiskvinnslufólks er ógnað á jafn afgerandi hátt og raun ber vitni, þá erum við minnt óþyrmilega á, að við höfum í reynd enga tryggingu fyrir því að íslenskir kvótaeigendur landi ekki öllum afla sinum annars staðar, jafnvel í útlöndum. Þeirra er valið að fara með kvótann þangað sem þeim þóknast. Flateyrmálið vekur einnig spurningar um það hvernig komið er fyrir rekstrargrundvelli annarra smærri útgerðar- og fiskvinn-

slufyrirtækja hér á landi. Munu þau leggja upp laupana eitt af öðru, af sömu ástæðum og Kambur ehf. og eigendur selja frá sér kvótann með hagnaði. Eftir situr fiskvinnslufólk-ið bundið áttahagafjötrum verðlausra eigna í byggðarlögum lítilla atvinnutækifæra. Framkvæmdastjórn SGS krefst þess að unnið verði að markvissri stefnumörkun um atvinnuöryggi verkafólks í fiskvinnslu, þannig að geðþóttaákvæðanir kvótaeigenda geti ekki lagt lífsgrundvöll fjölda manns í rúst í einum vettvangi.“ – tinna@bb.is



Menntaskólinn á Ísafirði.

## Innritun hafin í MÍ

Innritun í Menntaskólann á Ísafirði stendur til miðnættis 11. júní. Skólinn býður upp á fjölda námsbrauta í bundnu áfangakerfi. Má þar nefna félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut, viðskipta- og hagfræðibraut og tónlistarnám. Einnig er boðið upp á starfsnám sem felst í sjúkraliðabraut og viðbótarnámi til stúdentsprófs. Verknámsbrautir eru í mikilli sókn hjá skólanum og verður boðið upp á nýjunguna grunnnám í há- og snyrtigreinum ef næg þátttaka fæst.

Þá hefur brautarlýsing grunnnáms rafiðna verið breytt en meginmarkmið námsins er að veita almenna og faglega undirstöðumenntun undir sérnám í rafiðngreinum, þ.e. rafeindavirkjun, rafvirkjun og rafvélavirkjun, rafveituvirkjun og kvikmyndasýningarstjórn og er jafnframt skilyrði til innritunar í sérnám þessara greina. Nýr hópur verður tekinn inn í grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina ef næg þátttaka fæst. Hægt er að bæta einum nemanda við í stálsmiði en hluti námsins mun fara fram í húsakynnum 3X-Technology.

Góð aðstaða er á heimavist skólans að því er fram kemur í tilkynningu. Tíu einstaklingsherbergi eru með sturtu og snyrtingu, þar af tvö sem geta verið tveggja manna, 24 einstaklingsherbergi eru með sameiginlegu baði og salerni fyrir hver sex herbergi. Við skólann er mjög gott mótuneyti. Þar fá íbúar heimavistarþjárfá máltíðir á dag, en aðrir nemendur geta keypt þar hádegismat.

Innritunin er rafræn og framkvæmd gegnum netið. Sótt er um á menntagatt.is. Umsóknarfrestur um dreifnám í einstökum áföngum er til 24. ágúst. Gögn um fyrra nám sem skráð eru í Innu fylgja umsókninni sjálfkrafa. Önnur viðeigandi gögn þurfa að berast skólanum áður en umsóknarfresti lýkur.

– thelma@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

SKÓLAAKSTUR Í DÝRAFIRÐI

Tæknideild Ísafjarðarbæjar óskar eftir tilboðum í skólaakstur í Dýrafirði á árunum 2007-2010. Um er að ræða akstur frá Núpi að Grunnskólanum á Þingeyri. Stoppistöðvar eru á öllum bæjum þar sem grunnskólabörn eru. Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði. Tilboðin verða opnuð **þriðjudaginn 19. júní kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.



„Svo getur verið að við séum farin að taka inn á okkur dylgjur og ásakanir um að við séum bjargarlausir aumingjar sem þrífast á opinberum útgjöldum. Það er ekkert gaman að sitja undir svona kjaftæði en við vitum hver sannleikurinn er.“

# Hægrisinnuð byggðastefna og h

Kristinn Hermannsson er fæddur og uppalinn á Ísafirði, sonur Sólveigar Gísladóttur og Hermans heitins Skúlasonar. Kristinn hefur ekki verið með fasta búsetu á Ísafirði í nokkur ár en bærinn og Vestfirðir skipa stóran sess í hjarta hans. Engin furða að nám hans miði að því að skilja vandamál landsbyggðana og gera þær sem fýsilegastan búsetukost fyrir alla. Kristinn varð ungur bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ og sat þar fyrir hinn gáskafulla Funklista. Ekki var nú ætlunin að rifja þá sögu upp aftur heldur að kynna sér hina fræðilegu hlið á byggðamálum og hvað hagfræðin hefur um þau að segja. Kristinn las viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík og stundaði meistaranám í hagfræði við Háskólann í Maastricht í Hollandi og Strathclyde í Glasgow, þaðan sem hann lauk meistaraþrófi með láði í vor með áherslu á byggðamál. Hann starfar sem stendur hjá Ríkisendurskoðun í Reykjavík en hyggst snúa aftur til Skotlands með haustinu og hefja doktorsnám.

„Ég sérhæfði mig í því sem kallast regional policy sem snýr að því að horfa á hagfræðina og hagkerfi eftir landssvæðum og kemur því inn á byggðapólitík. Hér heima snúa byggðamál að baráttunni við að halda blómlegri byggð á jafnvægi með um annarsstaðar í heiminum er allt eins verið að tala um stór þéttbýlissvæði. Til dæmis í hjarta Evrópu – í S-Belgíu eru menn í erfiðum málum þrátt fyrir að þar sé ekki jafnvægi. Þarna hafa einfaldlega gengið yfir miklar breytingar í atvinnulífi sem íbúarnir hafa ekki getað spilað almennilega með. Saga Bretlands eftirstríðsáranna er sömu merkjum brennd. Þetta er verið að vila og dila með allsstaðar á Íslandi í dag. Sjávarútvegur og landbúnaður eru ekki lengur uppspretta tækifæra eins og áður. Það sem greinir okkar vanda frá vanda margra Evrópuþjóða er gríðarlegur tilflutningur mannafla á Íslandi. Strangt til tekið má segja að það sé okkur til happs að fólk á landbyggðinni er það framtakssamt að ef viðunandi lífskjör bjóðast ekki þá flytur fólk þangað sem kjörin og tækifærin eru meiri. Í Bretlandi og sumstaðar á meginlandinu hefur fólk oft setið eftir atvinnulaust og jafnvel viðvarandi atvinnuleysi verið

í kynslóðir. Á tímabili um og fyrir miðja síðustu öld voru í gangi áætlanir um að flytja fólk þangað sem atvinna var meiri. Eins konar hreppaflutningar. Gott flæði vinnuaflls einkennir íslenska vinnu-markað. Við sjáum það hér á Vestfirðum að það er næga vinnu að fá og ekkert atvinnuleysi því þegar kreppir að og tækifærin eru ekki eins góð og margir kjósa þá flytur fólk einfaldlega suður.“

## Hagfræðileg rök fyrir byggðastefnu

„Af því að við höfum ekki upplifað atvinnuleysi í stórum stíl getur verið ástæðan fyrir því að við höfum ekki vaknað til vitundar um byggðamál. Þetta hefur gengið sjálfvirk fyrir sig. Fólk hefur flutt til Reykjavíkur, fengið betri vinnu og fagleg tækifæri og þetta hefur gerst þegjandi og hljóðalaust. Þess vegna fattar fólk ekki að þetta skiptir máli. En það eru mjög ákveðin rök fyrir því að viðhalda dreifðri byggð í landinu. Hreinlega að nýta landið til búsetu. Þetta eru þessi klassísku hagfræðilegu rök þegar fólk flytur frá jafnvægi og inn í borgirnar þá skilur það eftir sig ónýtt innviði og þá þarf að byggja upp nýja innviði á öðrum svæðum. Ekki nóg með að það þarf tvöfalt sett af innviðum fyrir tiltekinn mannfjölda þá er það verra mál að svona ástand skapar það sem kallast á fræðimáli örtröð á áfangastaðnum. Skapar meira álag á öllum stigum samfélagsins.“

Líklega gæti áhrifanna meira á höfuðborgarsvæðinu en í þéttbýli í nágrenni landsvæðis þar sem svo illa hefur verið vandað til skipulags. Það er hægt að líta á það þannig að maður sem flytur úr dreifbýli í þéttbýli dragi úr skilvirkni þéttbýlisins sem nemur örtröðinni en skilur eftir góða innviði í dreifbýlinu. Frá sjónarhóli hagfræðinnar eru þess konar fólksflutningar óverjandi nema góð og gild framleiðni rök liggja til grundvallar – að fólk þeni þeim mun meira áfangastaðnum. Það er beinlínis þjóðhagslega óhagkvæmt ef svona flutningar fara í gang fyrir það að innviðir séu vanræktir eða ríkisvaldið sé að krukka eitthvað í jafnvægi svæðanna. Þetta eru hrein hagfræðileg rök. Það eru mörg önnur rök sem hniga að því

að halda byggð í landinu. T.d. er viss menning hér og þar á landsbyggðinni og er hvergi annarsstaðar að finna og það ber að vernda hana. Svo eru búsetukostir viðsvegar um landið sem eru ekki á höfuðborgarsvæðinu og fólk er ekki gert kleyft að búa þar. Með þessu erum við að tapa heilmiklum lífsgæðum og fjölbreytni í samfélaginu. Fólk gæti nýtt sér þessa kosti væri opinbera stefnumótunin byggðavænlegri. Svo má líka færa neikvæð rök fyrir því að byggðastefna borgi sig.

Þegar talað er við Reykjavíkinga um þessi mál þá eru margir hverjir með rómantískar hugmyndir um að landsbyggðin fari í eyði. Þá standi eftir tóm hús og ósnert náttúra og yndislegt að fara þangað á sumrin. Það má kalla þetta draumsýn um einhverskonar Hornstrandir ofan Ártúnshrekkunnar. En auðvitað virkar þetta ekki svona. Fræga sagan um Hornstrandir mun ekki endurtaka sig. Þegar gengið er nærri byggðalögnum munu þau ekki hverfa og verða að sumarbústaðaparadís. Heldur munu þau koma niður og verða uppspretta félagslegra vandamála. Smám saman tapast björgulegasta fölkid og þeir sem vilja sækja sér menntun. Lækkandi fasteignaverð getur svo virkað aðlaðandi fyrir þá sem hafa kannski ekki mikið undir sér og eiga jafnvel við ýmskonar erfiðleika að stríða. Ég veit ekki hvort það sé óhætt að segja mikið um þessi mál án þess að vera kallaður öllum illum nöfnum. Það er hætt á að heilu byggðarlögin missi fjölbreytnina þar sem eru bæði háir og lágir og íbúarnir hafa félagslegt taumhald á hverjum öðrum. Ef módelið sem er keyrt núna heldur velli og allt fer á versta veg er þetta útópían, ekki Hornstrandarómantik um allt land.“

## Útflutningsvara Vestjarða er fólk

„Í gegnum tíðina hafa Vestfirðir einungis flutt út fisk eins og gefur að skilja og fólk. Útflutningur á fólk er jafnvel enn verðmætari en fiskurinn. Stór hluti hvers árgangs flytur suður eða til útlanda. Þetta er fólk sem er vel upp alið, hefur hlotið góða menntun, tekið þátt í íþrótt- og tónlistarstarfi. Prófið bara að telja upp fólk í

ýkkar árgangi og sjáid hversu margir eru horfnir á braut. Og margt af þessu fólk er í finum störfum og lifir góðu lífi. Í raun fær höfuðborgarsvæðið fullmótaða einstaklinga að gjöf án þess að hafa borgað fyrir að koma þeim á legg, sé lítið mjög kalt á málið. Ef þróunin heldur áfram og sveitarfélögin verða í sveltum mun höfuðborgarsvæðið að lokum hætta að fá stórar Grænlandsopinbera stefnumótunin byggðavænlegri. Svo má líka færa neikvæð rök fyrir því að byggðastefna borgi sig.

Þegar talað er við Reykjavíkinga um þessi mál þá eru margir hverjir með rómantískar hugmyndir um að landsbyggðin fari í eyði. Þá standi eftir tóm hús og ósnert náttúra og yndislegt að fara þangað á sumrin. Það má kalla þetta draumsýn um einhverskonar Hornstrandir ofan Ártúnshrekkunnar. En auðvitað virkar þetta ekki svona. Fræga sagan um Hornstrandir mun ekki endurtaka sig. Þegar gengið er nærri byggðalögnum munu þau ekki hverfa og verða að sumarbústaðaparadís. Heldur munu þau koma niður og verða uppspretta félagslegra vandamála. Smám saman tapast björgulegasta fölkid og þeir sem vilja sækja sér menntun. Lækkandi fasteignaverð getur svo virkað aðlaðandi fyrir þá sem hafa kannski ekki mikið undir sér og eiga jafnvel við ýmskonar erfiðleika að stríða. Ég veit ekki hvort það sé óhætt að segja mikið um þessi mál án þess að vera kallaður öllum illum nöfnum. Það er hætt á að heilu byggðarlögin missi fjölbreytnina þar sem eru bæði háir og lágir og íbúarnir hafa félagslegt taumhald á hverjum öðrum. Ef módelið sem er keyrt núna heldur velli og allt fer á versta veg er þetta útópían, ekki Hornstrandarómantik um allt land.“

Mest óþolandi þó, er þegar fólk setur upp sömu röðina og þegar það talar við börn og spyr „þýr þú ennþá fyrir vestan, eða?“ Þannig blasir við að búsetukostir landsbyggðarinnar hafa verið rýrðir töluvert þegar fólk þarf sífellt að verja val sitt gagnvart umheiminum og afsanna að það sé ekki hálfvitar. Ég vil þó taka fram að mér finnst mikið hafa rofað til í þessum efnunum á síðustu árum, ekki síst meðal yngra fólks – og ef til vill tekur maður svona glósur full nærri sér.

En í þessum dúr fékk ég stundum, fyrir nokkrum árum, spurningar í þá veru hvort ekki væri erfitt að vera hommi á Ísafirði. Ég er mjög hreykinn af að geta svarað því þannig að leitun sé að samfélagi þar sem er borin jafn mikil virðing fyrir fjölbreytileika mannlífsins og fyrir vestan. Einhver skipti hef ég rætt þetta við

Heimi Má Pétursson, Ísfirðing og fréttamann, og við höfum verið sammála um að Vestfirðingar séu einfaldlega náttúrulega umburðarlyndir og hafi ekki þurft að læra það af neinum kennslubókum í félagsfræði. Þeir hafa alla tíð átt allt sitt undir náttúrunni og setjast ekki í dómarasæti út frá manngerðum kreddum.

Í dag fær maður svo frekar spurninguna „af hverju eru svona margir hommar að vestan?“

## Landbyggðin borgar meira

„Áður en menn fara að tala um einhverjar jákvæða mismunum í þágu landsbyggðarinnar ef svo má að orði komast, þá þarf að ná núllpunkti. Það er, að landbyggðin sitji við sama borð og höfuðborgarsvæðið. Það hafa verið færð rök fyrir því að í landinu sé rekin byggðastefna, ekki til handa landsbyggðinni heldur höfuðborgarsvæðinu. Þar má nefna skýrslu sem hagfræðingurinn Vífill Karlsson gerði. Þar skoðar hann tölur frá ríkisskattstjóra. Hann hefur fært rök fyrir því að í landinu sé mismunur á öflun og ráðstöfun skattfjár. Skatttekjur ríkisins á landsbyggðinni eru meiri en ráðstöfunin. Þetta þýðir stöðuga tilfærslu á fé frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Yfir tíma flyst efnahagsleg geta suður. Þetta fór ekki hátt eins og svo margt annað í fræðilegri vinnu á Íslandi en ég hef ekki heyrt þessu andmælt. Mér vitanlega hefur þróun tekna og ráðstöfunar ríkisins á landsbyggðinni ekki verið könnuð sérstaklega yfir lengri tíma. Við búum við mjög frumstaðar aðstæður til rannsóknna, lítið til af hagtolum og því erfitt að rannsaka þessa hluti. En margir fræðimenn hafa áhuga á byggðamálum, sérstakleg með tilkomu háskólanna á Bifrost og Akureyri. Svo hafa stjórnmálamenn ekki verið áfjáðir í að taka mark á rannsóknunum fræðimanna. Ágætis byrjun væri að festa í sessi árisst mat á svæðisbundnum hagvexti og þróun í umfangi hins opinbera eftir svæðum. Það er með ólíkindum að þurfi sérstaka fyrirsögn á Alþingi til að fá fram slíkar grundvallarupplýsingar eins og fjölda opinberra starfa eftir svæðum og ráðuneytum.“

## Tekjur sveitarfélaganna eru sameign allra

„Fólk virðist halda að tekjur viðkomandi sveitarfélags sé eign þess. En svo er alls ekki. Af praktískum ástæðum hefur viss opinber þjónusta og tilsvandi tekjustofnar verið færðir á lægra stjórnsýslustig. Þetta er alþekkt fyrirbæri og byggir á svokallaðri nándarreglu. Það er einfaldlega betra að veita ákveðna þjónustu nær íbúunum og geta lagað framboðið að staðbundnum þörfum. Það eru einungis hagkvæmisrök fyrir þessu. Sveitarfélögin starfa í umboði ríkisvaldsins og eru einungis framlenging þess. En fólk virðist halda að ríkari sveitarfélög eigi að geta ráðstafað meira fé í t.d. skólumál. Börn í ríku sveitarfélögum eiga ekki rétt á betri skólum en börn í fátækari sveitarfélögum. Það er bara hlutur að því að vera samfélag að þessir hlutir séu í lagi. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga á að jafna tekjustofnan sveitarfélaganna, en að sumu leyti hefur hann brugðist. Ég veit að t.d. Hallór Halldórsson hefur mælt mjög fyrir breytingum á kerfinu en því er mjög erfitt að hnika til þar sem það hugnast vissum sveitarfélögum vel óbreytt. Annað sem hefur verið að gerast víða á landbyggðinni er breytt aldursamsetning íbúanna. Meðalaldur hefur hækkað og því færri virkir á vinnuáhrifa. Það er örugglega enginn þjóðhagslegur ávinningur fölginn í því að flytja gamla fölkid suður. En það er eitthvað sem getur gerst. Ef aldursþróunin heldur áfram í óbreyttu kerfi mun þjónusta skerðast vegna tekjumissis sveitarfélaganna og fólk yrði einfaldlega að flytja suður. Þetta er öflug hagfræði. Við þurfum að taka blæjuna frá augunum til að sjá að heildin tapar á þessu.“

## Byggðastefna á stundum fint orð yfir spillingu

„Ég hef ekki kynnt mér íslenska byggðapólitík og sögu hennar í smáatriðum eða af akademískri alvöru. En maður hefur fylgst með þróun mála í fréttum og blöðum. Lengi vel snérist hún um laxeldi og loðdýr. Án þess að ég hafi kafað mjög djúpt í málin þá hef ég á



„Ef þróunin heldur áfram og sveitarfélögin verða í sverti mun höfuðborgarsvæðið að lokum hætta að fá stórar Grænlandsgöngur af þessu fólki og fer að fá í stríðum straumi tannlaust fólk í flíspeysum með brostna sjálfsmynd.“

# g hagfræðin

tilfinningunni að byggðastefna hafi á vissum stundum verið fint orð yfir spillingu. Hluti af vandanum er að fólk er brennt eftir hin ýmsu ævintýri Byggðastofnunar og þingmanna og því hefur byggðastefna slæmt orð á sér. Fólk er ekki tilbúið til að ræða byggðamál vegna vitleysugangs eins og ríkisstyrkts loðdýraeldis og fleira í þeim dúr. Því miður er ennþá verið að koma beint að atvinnurekstri frá fundarborði ríkisstjórnarinnar, samanber pappabrettaverksmiðju í Þingeyjasýslu sem settur var peningur í samkvæmt sérstakri samþykkt. Nútímaleg hugsun lætur á sér standa í þessum efnunum. Stjórnsýslan er ekki mjög regludrífinn og ekki unnið eftir tiltekinni stefnumótun. Þvert á móti er fyrirgreiðslukerfi enn við lýði. Ráðherra þarf að veita blessun sína eigi eitthvað að gerast og hreppapólitík og þrýstingur á ráðherra spilar oft stóran þátt í endanlegri ákvörðun hans. Að nota hugtak eins og faglegt sjónarmið hefur fengið á sig ógurlegt óorð á Íslandi.“

## Höfuðborgarbúarnir ráða för

„Eitt það mikilvægasta sem við getum gert til að snú þróuninni við er að sannfæra höfuðborgarbúana um mikilvægi landsbyggðarinnar. Þeir eru ríflega 60% íbúa landsins og við þurfum að fá samþykki þeirra til að eitthvað gerist. Það væri fróðlegt rannsóknaverkefni að kanna viðhorf höfuðborgarbúa til landbyggðarinnar og sérstaklega til Vestfjarða. Bæði í starfi mínu og námi í Reykjavík hef ég kynnst mjög merkilegum viðhorfum. Mörgum þykja Vestfirðir vera mjög spennandi svæði og þá helst til að heimsækja sem ferðamenn. Einnig hef ég orðið var við ótrúleg fáfræði og frumstæð viðhorf. Sumir halda að á Vestfjörðum lifi fólk á opinberum styrkjum og liggja í eynd og volæði. Svipað og með Danina sem halda að þeir borgi ennþá með Íslandi hafi þeir þá einhvern tímann gert það.“

Ég hittu mann um daginn sem sagðist vita allt um ástandið fyrir vestan, hann hafi sko verið þar '78 og auk þess væri konan hans ættuð frá Suður-

eyri. Á Vestfjörðum væri allt í rúst. Einungis 5.000 tonn af kvóta eftir og 30% íbúanna erlendir farandverkamann. Við nánari eftirgrennslan á vef Hagstofunnar kom hins vegar í ljós að útgerðir á Vestfjörðum ráða yfir u.þ.b. 57.000 þorskígildistonnunum og u.þ.b. 8% íbúanna hafa erlent ríkisfang. Ótrúlegt hvað menn leyfa sér að bulla.

Mér dettur oft í hug að það besta sem þingmennirnir okkar geti gert sé að halda fundi í sínum hverfáfélögum í Reykjavík og koma skilaboðum til hins almenna borgara sem er í stjórnmalaflokki. Kannski þarf að vinna maður á mann. Einhverskonar PR-mennsku er hægt að hugsa sér en það þarf að gerast með töluverðum klókindum. Tilviljanakenndar auglýsingarherferðir gera ekkert gagn. Byrja á því að kortleggja viðhorf höfuðborgarbúa til landsbyggðarinnar og sjá hvaða viðhorf við ættum að herja á. Furðuleg viðhorf íbúa höfuðborgarsvæðisins eru alls ekki algild en sumt sem maður heyrir er hreint út sagt ótrúlegt. Fólk gæti ekki talað svona um aðra kynþætti án þess að vera löðrungað og sett í steininn.“

## Stuldur Orkubúsins

„Í hinu fræga Orkubúsmáli kristallast vandinn og er lýsandi dæmi um brenglaða hugsun. Samskonar staða kom upp í Svíþjóð og auðvelt fyrir menn að kynna sér allt um það. Þar var komið á fót félagslegu húsnæðiskerfi sem slígaði sveitarfélögin. Rétt eins og hér var það lögleitt af ríkinu og var gósenland fyrir verktaka og gríðarleg uppspretta fjár fyrir þá. Heldur var byggt of mikið en lítið því verktakapólitíkin þrýsti mjög á að byggt yrði sem mest. Sænska ríkið skar sveitarfélögin úr snörunni með því að kaupa upp helling af húsnæði. Lítið var á þetta sem mistök ríkisins. Í einhverjum tilfellum var gengið svo langt að jafna hús við jörðu, það var gagnrýnt af hagfræðingum sem óparfa sóun. Hérna var sveitarfélögum stillt upp við vegg og sagt að borga og neyddust þau til að selja Orkubúið. Ég álasa ekki sveitarstjórnarmönnum fyrir það, hefði gert það sama í þeirra sporum. En miðað við það sem ég veit í dag þykja mér





## Starf Vinnuskólans hafið

Fyrsti vinnudagur í Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar var á mánudag. Erik Newman, forstöðumaður Vinnuskólans, segir að unglíngarnir hafi átt kost á að sækja um störf hjá m.a. golfklúbbum, höfninni og leikskólum. Þá verður einnig starfræktur Hornstrandahópur sem fer í friðlandið og sér um viðhald á kömrum ásamt fleiru. Aðaláherslan í almennu deildinni er að unglíngarnir fegri umhverfi sitt og í fyrstu vikunni verður Vinnuskólinn með öðrum starfsmönnum Ísafjarðarbæjar í stóru hreinsunaráttaki. Erik segir Vinnuskólann í Ísafjarðarbæ vera best launaða vinnuskóla landsins, borgi eftir töxtum en ekki sérsamningum eins og þekktist annars staðar.

aðfarir félagsmálaráðuneytisins bullháttur og jaðrar við misneytingu að þjarna svona að liggjandi manni. Þennan gjörning á að ógilda.

Fyrst búið er að borga fyrir Orkubúið finnst mér eðlilegt að sveitarfélögin fái að kaupa hlut sinn aftur og þá á sama krónuvirði og þau fengu á sínum tíma. Það er ekkert mál að taka hagstæð erlend lán og greiða þau niður með arðgreiðslum. A.m.k. ætti að greiða sveitarfélögunum þann hluta söluandvirðisins sem var nettaður á móti skuldum félagslega húsnæðiskerfisins. Ég tel að þetta verði að gera áður en Orkubúið verður innlimað í stærri orkufyrirtæki. Það sem mun gerast þá er að stöðugildum mun fækka hér á svæðinu, stjórnun, tæknifræðivinnu og önnur sérfræðivinnu

flyst í burtu og ekkert verður eftir nema líuflokkar. Þó hlutirnir fari ekki á versta veg þá er það alveg á hreinu að leiðtogar þessa samfélags, þingmenn og sveitastjórnarmenn munu þurfa að eyða talverðri orku í að verja virkið og þannig verður minni orka afgangur til að stuðla að uppbyggingu.“

### Hægri sinnuð byggðapólitík

„Ég mundi nú teljast frekar hægrisinnaður í skoðunum á byggðamálum. Það sem mér þykir skipta mestu máli er jafnræði allra byggða og sveitarfélaga og að innviðirnir séu í lagi. Með innviðum á ég við samgöngur, fjarskipti og að þjónusta sveitarfélaganna sé góð. Tilflutningur opinberra

starfa er mjög góður kostur. Strúktúr íslenska hagkerfisins er þannig að ef einhver hreyfing verður einhversstaðar á landinu verða til margfeldisáhrif í Reykjavík. Flutningur opinberra starfa frá höfuðborgarsvæðinu hefur óveruleg áhrif þar, en veruleg á landsbyggðinni. Ef eitthvað er þá getur það slegið á þenslu fyrir sunnan og verið jákvætt frá hagfræðilegu sjónarmiði. Ein mesta sóknaraðgerð í byggðamálum er uppbygging héraðsháskóla, án þess að ég hafi útfærslu á því klára. Það er þróunarvinna sem þarf að ráðast í en ljóst að um vandasamt verk er að ræða. Slík stofnun þarf að vera nógu burðug til að geta haft raunveruleg áhrif. Jafnframt þarf að gæta að faglegum trúverðugleika, velja viðfangsefni sem smæðin



hamlar ekki og nýta styrkleika svæðisins. Í Háskólasetrinu er unnið öflugt brautryðjendastarf og nýlegar aðgerðir eins og fjölgun rannsóknarstarfa hjá Mátis styðja við þessa sýn.

Það skiptir gríðarlegu máli að háskólastarfssemi sé sem víðast og það sé snerting við rannsóknarstarfssemi á landsbyggðinni. Það hefur verið sýnt fram á með rannsóknnum að 75% af jákvæðum framleiðniáhrifum háskóla koma fram í hundrað kílómetra radíus viðkomandi háskóla.

Þannig að Vestfirðingar njóta ekki þessara áhrifa frá háskólum í landinu. Það er skjalfest að háskólar valda framleiðniáhrifum á sínu starfssvæði. Það getur verið í gegnum marga hluti, td. þá þekkingu sem unnið er með, laðað að starfsfólk, veitt fagfólki út í atvinnulíf og getur hreinlega leitt til þess að háþróaðri starfssemi skjóti rötum á svæðinu. Það er semsagt alveg ljóst að nálægð við háskóla geri mjög mikið fyrir viðkomandi byggðarlög. Við þurfum ekki að gera annað en að líta til Akureyrar eða Borgarfjarðar til að sjá áhrifin. Stofnun háskóla, hvað sem hann er kallaður, er því mál sem Vestfirðingar þurfa að vinna markvisst að og er sú einstaka aðgerð í byggðamálum sem getur skilað mestum árangri og er mál sem á að setja í algjöran forgang. Ég hef ekki trú á öðru en fyrir þessu sé vilji í öllum flokkum. Samfylkingarfólk þarf að lobbýja í sínum mönnum, sjálfstæðismenn í sínum og svo framvegis. Ég hræddur um að það þurfi að peppa upp sjálfstraustið í Vestfirðingum. Ég hef heyrt suma tala um að það sé til of mikils mælt að stofna háskóla hér og það sé helber dónaskapur að biðja um aukin opinber útgjöld. Svo

getur verið að við séum farin að taka inn á okkur dylgjur og ásakanir um að við séum bjargarlausir aumingjar sem þrífast á opinberum útgjöldum. Það er ekkert gaman að sitja undir svona kjaftæði en við vitum hver sannleikurinn er.“

### Þurfum að velja okkur bardaga

„Fólk verður að átta sig á því að það er ábyrgðarhlutur að biðja um byggðaaðgerðir og tala fyrir opinberri byggðastefnu því auðveldlega getur þetta snúist í höndunum á mönnum og snúist upp í andhverfu sína. Við þekkjum dæmi úr sögunni þar sem spilling þrífist í skjóli byggðastefnu. Nú er uppi þrálát umræða um jöfnun á flutningskostnaði. Ég held að sú umræða sé ekki reist á rökum. Auðvitað á að velja fyrir sér öllum kostum og þetta getur verið klókt samningatrix til að þrýsta á um úrbætur í vegamálum en rökin eru ekki með jöfnun flutningskostnaðar. Norðmenn og Svíar hafa rekið svona kerfi og við nánari skoðun kemur í ljós að þetta skilar ekki miklu, hefur ekki teljandi jákvæð áhrif á byggðirnar og dregur úr skilvirkni. Byggðaaðgerðir eiga að miða að því að leysa undirliggjandi vandamál en ekki setja plástra yfir það sem okkur þykir miður. Það sem mun gerast ef svona kerfi kemst á koppinn er að það verður gríðarlega óvinsælt og mun festa enn frekar í sessi gríðarlega forðoma gagnvart landbyggðinni um að við séum afætur á kerfinu. Þá munu þingmenn okkar verja ómældri orku í að verja kerfið og mun það jafnvel verða til þess að önnur og betri mál komast ekki á dagskrá. Við verðum að velja þær

aðgerðir sem hægt er að færa rök fyrir og eru líklegar til að nást í gegn. Velja sér bardaga.“

### Landsbyggðin á margt sökótt við Bubba Morthens

„Í nýlegri grein eftir Þórólf Matthíasson, hagfræðiþröfessor við Háskólann, heldur hann fram að lausn vandamála Flateyrar felist í stofnun sérstaks sjóðs sem eigi að kaupa eignir fólks til að leysa það úr áttahagfjötrum eins og hann orðaði það. Jújú, þetta getur litið vel út á pappírnum og út frá akademískri hagfræði. En það er alveg fráleitt að ætla að kaupa upp húsnæði á landsbyggðinni til að leysa byggðavanda. Hér erum við að tala um gríðarlegar fjárhæðir og væri forvitnilegt að sjá heiðarlegt kostnaðar- og ábatamál á slíkri aðgerð. En þarna komum við líka að þessari lífseigu mýtu um áttahagfjötra. Mér finnst menn vera að mistúlka Íslandssöguna og yfirfæra vistarbandið yfir á nútímann. Fólk er ekki neytt til að búa úti á landi, frekar er það á hinn veginn. En það er við margar bábiljur að etja. Ég er til dæmis mjög full út í Bubba Morthens. Hann hefur gefið mjög brenglaða mynd af lífinu í sjávarbyggðum. Allir sitjandi sveittir í eigin táfýlu í niðurníddri verbúð. Þetta átti sér kannski stóð í afmörkuðum kreðsum, á afmörkuðum stöðum og fyrir aldarfjórðungi síðan. Það versta sem ég lendi í er að vera í party með Reykjavíkingum þegar kemur til tals að ég er að vestan og er þar af leiðandi spurður hvort ég fli ekki Bubba Morthens.“

### Sjávarútvegurinn er allt of stór

## Auðlindir og lífsgæði sunnan Djúps

### Málþing um aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Laugardaginn 9. júní nk. verður haldið málþing í Félagsheimilinu á Pingeyri. Málþingið ber yfirskriftina **Auðlindir og lífsgæði sunnan Djúps** og er haldið á vegum Ísafjarðarbæjar og teiknistofunnar Eikar. Þingið er haldið í tengslum við gerð aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem nú er unnið að.

Í aðalskipulagi er mörkuð stefna um landnotkun, þróun byggðar, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál, velferðarmál og atvinnumál. Á málþinginu munu sérfræðingar og hagsmunasamtök halda erindi um lífsgæði, samfélag, náttúru, náttúruvernd og nýtingu auðlinda í Ísafjarðarbæ. Á meðal erinda verða:

#### Náttúran sunnan Djúps

Þorleifur Eiríksson, Náttúrustofu Vestfjarða

#### Sjálfbært sjávarþorp

Elías Guðmundsson, Sjávarþorpinu á Suðureyri

#### Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar

Þórhallur Arason, Íbúasamtökunum Átak á Pingeyri

#### Lífrænn landbúnaður

Ragnhildur Sigurðardóttir, Landbúnaðarháskólanum

#### Alpar, strandsvæði og víðerni – ferðaþjónusta og náttúruvernd

Dorothee Lubecki, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða

#### Nýting auðlinda og lífsgæði sunnan Djúps

Arnheiður Hjörleifsdóttir, UMÍS ehf.

#### Ímynd og markaðssetning Vestfjarða

Jón Páll Hreinsson, Markaðsstofu Vestfjarða

#### Umræður og fyrirspurnir

Dagskráin hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 15:00. Aðgangur er ókeypis og eru íbúar Ísafjarðarbæjar og aðrir áhugasamir um skipulagsmál á svæðinu hvattir til að mæta. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is).



## Vestfirskum háskólanemum fjölga

Mikil fjölgun hefur orðið á háskólanemum frá Vestfjörðum síðasta áratuginn. Alls stunduðu 287 manns með lögheimili á Vestfjörðum háskólanám árið 2006, 115 karlar og 172 konur. Þetta er lítilleg fækkun frá árinu 2005, þegar 301 manns með lögheimili á Vestfjörðum stunduðu háskólanám, en mikil aukning frá árinu 1999, en þá stunduðu 126 manns háskólanám, 41 karl og 85 konur. Fjölgunin er ekki jafn mikil í framhaldsnámi, en árið 2006 sóttu 663 manns með lögheimili á Vestfjörðum framhaldsskólanám, 293 karlar og 370 konur, þar af voru 285 í Menntaskólanum á Ísafirði. Þetta er lítil fjölgun frá árinu 1999, þegar 616 Vestfirðingar stunduðu framhaldsskólanám, 301 karl og 315 konur. Þá voru 292 af þessum 616 skráðir í MÍ. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. Tölur um skólasókn í framhaldsskólum og háskólum 2006 eru eins og þær voru á miðju haustmíssi 2006.



Héraðsskólinn að Núpi.

## Vilja að sölu Núps verði frestað

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur óskað eftir því að sölu eigna ríkissjóðs á Núpi verði frestað og að sett verði á laggirnar starfsnefnd sem skoði hugsanlega nýtingu héraðsskólans að Núpi fyrir starfsemi sem lýtur að meðferð barna og unglunga. Þetta er gert í framhaldi af tillögu minnihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem lögð var fram í byrjun maí, þar sem gert var grein fyrir kostum

þess að nýta húsnæði ríkisins á Núpi fyrir þesskonar meðferðarstarfsemi. Bæjarstjóra hefur verið falið að kynna tillöguna fyrir menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og Barnaverndarstofu.

Þörfin fyrir aukin úrræði fyrir börn og ungmenni í vanda er fyrir hendi, segir m.a. í rökstuðningi tillögunnar, en að Núpi eru sagðar vera kjör-

aðstaður til að sinna meðferð barna í vanda. Náttúrufergurð er mikil, kyrrlát umhverfi og mannvirki til staðar. Þá er bent á að þörf er á fjölbreytni í atvinnulíf á Vestfjörðum. Stofnun sem rekin væri á svæðinu í anda mannúðar og uppbyggingar með ákveðna uppeldisstefnu og markmið að leiðarljósi gæti hentað mjög vel og styrkt innviði samfélagsins, auk þess sem skapast myndu mörg sérhæfð störf,

sem myndu byggja upp atvinnulíf á Vestfjörðum.

Eignir ríkissjóðs á Núpi telja heimavistaraskólahúsnæði, kennslustofur, mötuneyti, sjö íbúðir, sundlaug, íþróttahús og geymslur, auk 6 ha lóðar. Héraðsskólinn var settur á sölu hjá Ríkiskaupum fyrir í vor, og bærust á annan tug tilboda í eignirnar, það hæsta hljóðaði upp á krónur 48.100.000. Tilboðin sem bárust eru nú til skoðunar.

„Það er ekki rétt að byggðabróunin síðustu ár sé kvótakerfinu að kenna eins og margir halda fram. Kvótakerfið hefur skýra ókosti en það er ekki stóra vandamálið. Þetta er mjög snúið mál og engin augljós lausn. Það versta við kvótakerfið er hin gríðarlega óvissa. Skellirnir eru ósamhverfir, kvótastaða svæða byggist hægt upp en síðan geta þúsundir tonna horfið í einu gjaldþroti. Sú óvissa getur hamlað uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi, því þá er orðið áhættusamt að setjast í útgerðarbæjum.

Tilverugrundvelli samfélagsins getur verið kipt undan með einni ákvörðun eða jafnvel andláti eða veikindum eins manns. Þó þú sért sjálfur ekki að vinna innan sjávarút-

vegs þá hefur það gríðarleg áhrif á allt samfélagið gerist eitthvað í líkingu við það sem gerðist á Flateyri fyrir stuttu. Sjávarútvegur er í eðli sínu mjög sveiflukenndur og afkoman ræðst af mörgum utanaðkomandi þáttum. Ef menn ætla að reka sjávarútveginn sem eitthvað velferðarkerfi þá er ég ansi hræddur um að útkoman yrði ennþá verri. Við sjáum landbúnaðarkerfið sem er styrkjakerfi og lítur engum rekstrarlögum. Ég held að enginn landbyggðarmaður vilji láta stoppa sig upp og verða sýningargripur á landsafni um forna atvinnuhætti.

Ég sé þrjá kosti sem væri athyglisvert að skoða sem hugsanlega valmöguleika við núverandi kerfi. Í fyrsta lagi að auka veiðiskulduna og

hinsvegar að draga algjörlega úr henni og veita meira frelsi inn í kerfið. Svo er líka hægt að skoða að ríkið kaupi allan kvótann og allir yrðu leiguliðar. Í fljótu bragði, án þess að ég sé nokkur sérfræðingur í auðlindahagfræði, þá lýst mér vel á að auka frjálsræðið og aftengja kvótann útgerðunum. Þá er ég að meina að menn þurfi ekki að eiga skip vilji þeir eiga kvóta og heimilt verði að leigja kvótann 100%. Þá væri fjárfestingaþátturinn aðskilinn útgerðarþættinum. Eign á kvóta er lyklatríði í útgerð í dag og smám saman færast kvótinn til þeirra sem hafa góðan aðgang að fjármagni og þeir sem eru stærstir eru lykilstöðu. Á endanum eru það náttúrulega bankarnir sem hafa öll tromp á hendi. Ef við

leyfum fjárfestum að koma inn í kerfið tel ég að verðmyndun yrði eðlilegri og við losnuðum við sögulega arfleifð um hver fiskaði mest á viðmiðunarárunum. Grundvallarmálið fyrir okkur Vestfirðinga er að sjávarútvegur er allt of stór þáttur í okkar atvinnulífi. Það er skelfilegt að hafa jafn mikla sveiflugrein sem undirstöðu alls. Fjórdi hver vinnandi maður á Vestfjörðum starfar við veiðar og vinnslu. Fyrir utan alla þá óbeinu og afleiddu starfsemi sem hlýst af sjávarútveginum. Stóra vandamálið er ekki kvótakerfið, stóra vandamálið er sjávarútvegurinn og skortur á almenninglegri og raunhæfri byggðastefnu.“

—smari@bb.is



## Innritun fyrir haustönn 2007

Innritun í Menntaskólann á Ísafirði stendur til miðnættis 11. júní 2007. Innritun er rafræn og framkvæmd í gegnum netið. Sótt er um á menntagatt.is. Umsóknarfrestur um dreifnám í einstökum áföngum er til 24. ágúst. Gögn um fyrra nám sem skráð eru í Innu fylgja umsókninni sjálfkrafa. Önnur viðeigandi gögn þurfa að berast skólanum áður en umsóknarfresti lýkur.

Skólinn býður upp á fjölda námsbrauta í bundnu áfangakerfi:

### Bóknám til stúdentsprófs:

Félagsfræðabraut

Náttúrufræðibraut

Viðskipta- og hagfræðibraut

Tónlistarnám er metið sem kjörsvið

### Annað bóknám:

Almenn námsbraut – Nýbúabraut

Starfsbraut

Starfsnám:

Sjúkraliðabraut

Verknám:

Grunnnám bíliðna

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina

Grunnnám hár- og snyrtigreina (4 annir)

Grunnnám málmiðngreina (4 annir)

Grunnnám rafiðngreina (4 annir)

Húsasmíði (sveinspróf)

Stálsmíði (sveinspróf)

Vélstjórnarbraut, 1. og 2. stig

Almennt meistaranám að loknu sveinsprófi.

Viðbótarnám til stúdentsprófs.

Góð aðstaða er á heimavist. Tíu einstaklingsherbergi eru með sturtu og snyrtingu, þar af tvö sem geta verið tveggja manna, 24 einstaklingsherbergi eru með sameiginlegu baði og salerni fyrir hver sex herbergi. Við skólann er mjög gottmötuneyti. Þar fá íbúar heimavistar þrjár máltíðir á dag, en aðrir nemendur geta keypt þar hádegismat.

Nánari upplýsingar eru að finna á vefsíðu skólans [www.misa.is](http://www.misa.is) eða í síma 450 4400.



## Kennir vestfirskum kylfingum

Sigurður Hafsteinsson, einn af þekktari og reyndari golfkennurum landsins, mun kenna fyrir golfklúbba Ísafjarðar og Bolungarvíkur í sumar. Sigurður var fyrir vestan í síðustu vikur og kemur aftur í lok júní og um miðjan júlí. Bæði verður boðið upp á einkakennslu og hópkenntu þar sem kennt verður í sex manna hópum í tvær klukkustundir. og reynt að fara yfir sem flesta þætti golfsveiflunnar. Í tilkynningu er bent á að það gæti hentað fólki með svipaða getu að hópa sig saman. Einnig er hægt að óska þess við skráningu að verða settur í hóp. Gjald fyrir hópkenntu í 2 klst. er 3.000 krónur á mann, en 4.000 krónur fyrir einkatíma.

## Uppskera eins og þeir sá

Mikil gleði ríkir meðal aðstandenda Ástarvíkunnar í Bolungarvík en ávextir síðustu Ástarvíku litu dagsins ljós í maí mánuði. Ekkert barn kom í heiminn í maí í fyrra og segir Soffía Vagnsdóttir, frumkvöðull Ástarvíkunnar, fæðingu barnanna vera þvílíka hamingjusendingu. Soffía segir að Ástarvíkan sé fastur og skemmtilegur punktur í lífi Bolvíkinga. „Börnin tvö eru okkur mikil hvatning og það er ljóst að hvergi verður slegið af í Ástarvíkunni í sumar.“

# Hvildarklettur hlýtur verðlaun Útflutningsráðs

Eliás Guðmundsson hjá Hvildarkletti ehf. á Suðureyri hlaut fyrstu verðlaun fyrir bestu markaðsáætlunina við útskrift í verkefninu Útflutningsaukning og hagvöxtur (ÚH). Markaðsáætlunina gerði Eliás fyrir verkefnið Sjávarþorpið Suðureyri. Eliás segir að verðlaunin séu mjög hvetjandi fyrir sig og sitt fyrirtæki og ekki síst fyrir Sjávarþorpið Suðureyri. Um þessar mundir stendur Hvildarklettur í stóræðum á Suðureyri og Flateyri við að taka á móti þýskum sjóstangaveiðimönnum. Eliás segir að það hafi gengið nokkuð vel þrátt fyrir leiðinlega tíð og segir hann ótrúlegt hvað Þjóðverjarnir láta veðrið hafa lítil áhrif á sig. Uppbókað er að mestu í sjóstangaveiðina í sumar en Eliás tekur fram að lengi sé hægt að bæta einum



Eliás Guðmundsson og Sigrún Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Inn hf., í Reykjavík sem hlaut fyrstu verðlaun fyrir markaðsáætlun á erlendum vettvangi.

og einum við. Í stuttu máli gengur verkefni Hvildarkletts út á að breyta Súgandafirði í nokk-

urskonar „þema park“ þar sem ferðamenn geta komið í heimsókn og tekið þátt í daglegum störfum þorpsbúa. Veitt sér í

soðið, unnið í frystihúsinu o.s.frv. Íbúarnir verða þannig á vissan hátt þátttakendur í sínum eigin raunveruleikaþætti. Útflutningsráð Íslands stendur að verkefninu í samvinnu við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, Landsbankann, Bakkavör Group, Bygðastofnun, Samtök iðnaðarins og Félag kvenna í atvinnurekstri.

Þetta er í 17. skiptið sem ÚH námskeið er haldið á vegum Útflutningsráðs en um er að ræða þróunarverkefni fyrir lítil og meðalstór fyrir-



## TF-Líf flytur tilkynningabúnað á Straumnesfjall

Búnaður fyrir sjálfvirku tilkynningaskylduna var settur upp á Straumnesfjalli fyrir stuttu. Hópur manna í Bjorgunarfélagi Ísafjarðar, auk starfsmanna Neyðarlínunnar, fóru með bjorgunarskipinu Gunnari Friðrikssyni frá Ísafirði til að setja upp búnaðinn. Búnaðurinn er settur upp á vegum Neyðarlínunnar. Bjorgunarskipið lenti í Aðalvík og flutti bjorgunarskipið Landhelgisgæslunnar, TF-Líf, menn og búnað frá Látrum í Aðalvík upp á fjallið. Búnaður sem þessi hefur ekki áður verið á Straumnesfjalli, en honum er ætlað að tengja skuggasvæði sem voru í kerfi tilkynningaskyldunnar, s.s. í Skálavík og víðar. – [tinna@bb.is](mailto:tinna@bb.is)

tæki sem hafa áhuga á að hefja útflutning eða festa í sessi útflutning sem þegar er hafinn. Að þessu sinni tóku fulltrúar 12 fyrirtækja þátt í námskeiðinu en þau eru Hótel Reynihlið á Mývatni, Jarðböðin við Mývatn, Afurðarstöð KS á Sauðárkróki, Infotec í Reykjavík,

Hótel Laki í Efri-Vík við Kirkjubæjarklaustur, Fiskidjan Bylgja í Ólafsvík, MKM Footwear í Reykjavík, Batterið Arkitektar í Reykjavík, Inn í Reykjavík, Hvildarklettur á Suðureyri, Hvalaskoðun Reykjavíkur og Navia í Reykjavík. – [smari@bb.is](mailto:smari@bb.is)

## Vestnorræna ferðamálaráðið styrkir Borea adventures

Ferðabjónustufyrirtækið Borea Adventures á Ísafirði fékk styrk frá vestnorræna ferðamálaráðinu til að kanna möguleika á ferðum frá Ísafirði til austurstrandar Grænlands. Skúta Borea Adventures, Aurora, verður notuð í verkefnið. Styrkurinn er 50 þúsunda danskar krónur, eða ríflega hálf milljón króna. Rúnar Óli Karlsson, einn eigenda Borea, segir að verkefnið verði unnið í samvinnu við heimamenn á Grænlandi. Austurströnd Grænlands býður upp á gríðarlega möguleika í ferðabjónustu en galli er á gjöf Njarðar því erfitt er að sigla um ströndina vegna íss sem losnar ekki frá ströndinni fyrr en um mánaðarmótin júlí – ágúst. Farin var þróun ferðar á skútunni til Grænlands í fyrra og þótti hún gefast vel.

Vestnorræna ferðamálaráðið, sem starfað hefur í rúm 20 ár, svo og tvihiða ferðamála-



Frá ferð Auroru til Grænlands í fyrra.

samningarnir SAMIK og FITUR, sem verið hafa í gildi frá 1995 við Grænland og Færeyjar, sameinast í hinu nýja samkomulagi. Heitir samstarfið nú Norh Atlantic Tourist Association, skammstafað NATA. Í samningnum kemur fram að markmið NATA sé að styrkja, samhæfa og tryggja ferðamálasamstarf landanna. Þá hefur NATA einnig það hlutverk að efla samstarf í

markaðsmálum, auglýsa styrki eins og hingað til (SAMIK og FITUR) og einnig að tryggja áframhaldandi þróun ferðakaupstefnunnar Vestnorden Travel Mart. Nýtt nafn á að undirstrika breytinguna, hafa alþjóðlega skírskotun og haft var í huga að samstarfið geti hugsanlega náð til fleiri nágranna við N.-Atlantshafið í framtíðinni.

– [smari@bb.is](mailto:smari@bb.is)

**Ljósmyndanámskeið á Ísafirði**

30. júní - 1. júlí kl. 13 - 17 í Þróunarsetri Vestfjarða

Ljósmyndanámskeiðið eru fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í stafrænni ljósmyndatöku og einnig þá sem vilja öðlast meiri þekkingu. Farið er í helstu stillingaratriðin á myndavélinni m.a. ljósop, hraða, ISO, White Balance, pixla, jpg/raw ofl. Almenn myndataka útskýrð og gefin ýmis góð ráð til að ná betri myndum, m.a. af fólki, landslagi, nærmyndum norðurljósum ofl. Tölvumálin eru tekin fyrir og ma. sýnt hvernig á að koma betra skipulagi á myndasafnið og geyma myndir á einfaldan og öruggan hátt.

Leiðbeinandi er Pálmi Guðmundsson GSM 898 3911  
Námskeiðið er 2 x 4 klst. og kostar 12.900 kr.

**Skráning á [www.ljosmyndari.is](http://www.ljosmyndari.is)**



## Vilja ráðast í endurbyggingu

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur lagt til að fjárheimild verði veitt til þess að hægt verði að ráðast í endurbyggingu félagsheimilis Bolvíkinga í sumar eða haust. Jafnhliða því verður unnið að fjármögnun verksins. Á fundi bæjarráðs var bréf frá Elíasi Jónatanssoni formanni nefndar um endurbyggingu félagsheimilisins til umfjöllunar ásamt byggingar-nefndarteikningum. Bæjarráð vísaði byggingarnefndarteikningunum til umhverfismálaráðs til samþykktar. Teikningar af fyrirhuguðum endurbótum verða hengdar upp til kynningar í þróttamiðstöðinni Árbæ og settar á heimasíðu bæjarins.

# Refsing vegna siglingar á óhaffærum báti felld niður

Ákæra sýslumannsins á Ísafirði á hendur manni í Bolungarvík, sem gefið var að sök að hafa brotið lög um eftirlit með skipum og siglingalögum, var á dögunum felld niður í Héraðsdómi Vestfjarða. Maðurinn var einnig ákærður fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda, en því máli var vísað frá dómi. Málsatvik voru þau að þriðjudaginn 25. júlí 2006 lagði maðurinn, sem skipstjóri, bát úr höfn í Bolungarvík, sem sagður var

óhaffær og vanmannaður. Haffærisskírteini var útrunnið og ekki var vélavörður með vélstjórnarréttindi um borð. Landhelgisgæslan kom að bátinum þar sem hann var á siglingu 5 sjómílur norðaustur af Rit og við búnaðarskóðun kom ofangreint í ljós. Lögregla við embætti sýslumannsins í Bolungarvík yfirheyrði ákærða þann 14. október sl. Við yfirheyrsluna kvaðst ákærði hafa fengið munnlegt leyfi starfsmanns Siglingastofnunar til að fara á

sjó, þar sem „haffæri væri komið á bátinn“ og hann myndi fá skírteinið sent í pósti. Hann hafi verið búinn að sækja um námskeið í „vélstjórnarréttindum“ og hefði starfsmaður Siglingastofnunar sagt sér að það ætti að vera næg undanþága að hafa staðfestingu þess um borð, uns námskeiðinu lyki. Stýrimaður varðskipsins hafi ekki verið sama sinnis. Kærinni á hendur manningu fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga,

vélstjóra og vélavarda var vísað frá dómi, en brot hans var talið gegn ákvæði sem var felld brott úr lögum árið 2001. Hvað varðar kærna varðandi útrunnins haffærisskírteinis verður ákærði látinn njóta þess að vafi er um hvort staðhæfing hans um framangreint munnlegt leyfi Siglingastofnunar er rétt eða röng. Með tilliti til þess að ákærði hefur hreinan sakaferil, var ákveðið að refsing hans skuli falla niður að öllu leyti.

– tinna@bb.is

## Staða útíbússtjóra Fiskistofu laus

Staða útíbússtjóra útíbús Fiskistofu á Ísafirði hefur verið auglýst laus til umsóknar. Gunnar Þórðarson, viðskiptafræðingur m.m., var ráðinn til starfa við útíbúð í lok mars 2006, en hann hverfur nú til annarra starfa. Við útíbú Fiskistofu á Ísafirði starfa tveir eftirlitsmenn auk útíbússtjóra. Helstu verkefni útíbúsins eru almennt veiðieftirlit til sjós og lands, eftirlit með út- og innflutningi sjávarafurða, eftirlit með eldi nytjastofna sjávar og verkefni er varðar tómtundaveiðar. Fiskistofa hefur verið með útíbú á Ísafirði undanfarin ár.



Fiskvinnslan Kambur.

# Flateyringar fá fulltrúa

Halldór Halldórsson, bæjarráðgjafi í Safnabæjar, segir að aldrei hafi annað staðið til en að fulltrúi frá Flateyri sæti í stýrihópi um málefni Flateyriar. Stýrihópurinn var myndaður á teymisfundum sem haldinn var í kjölfar þess að fiskvinnslufyrirtækið Kambur til-

kynnti um fyrirhugaða lokun. Guðmundur Björgvinsson, formaður íbúasamtaka Öndarfjarðar, fullyrkti í samtali við svæðisútvarpið á Ísafirði að hvorki hann né nokkur annar frá íbúasamtökunum hefði verið boðaður til teymisfundarins. Auk þess sagði hann að

félagasamtökin kæmu ekki með beinum hætti að vinnu þeirri sem sett hefur verið í gang. Halldór segir að einfaldlega hafi ekki hafi náðst í Guðmund í tæka tíð vegna fundarins. Hann sagði einnig að fulltrúi íbúasamtakanna ætti sæti

í stýrihópnum, það væri Guðmundi kunnugt um. Þá segist Halldór hafa óskað eftir því við Guðmund, strax eftir teymisfundinum að fulltrúi frá íbúasamtökunum sæti fund Verkalýðsfélags Vestfjarða á Flateyri sem haldinn var í síðustu viku, en enginn hafi mætt.

# Gísli Súrsson verðlaunaður

Kómedíuleikhúsið var verðlaunað fyrir einleik sinn um Gísla Súrsson á einleikjáhátíðinni Albamono sem haldin var í borginni Korce í Albaníu á dögunum. Albamono er alþjóðleg hátíð og var boðið uppá 10 sýningar á hátíðinni og var Gísli Súrsson eini fulltrúi vestur Evrópu allar hinar komu úr austriinu t.d. frá Makedóníu og Búlgaríu. Á hátíðinni var dómnefnd skipuð þremur leikhúslíkamönnum. Á lokadegi hátíðarinnar bar

nefndin upp úrskurð sinn. Gísli Súrsson hlaut verðlaun sem besta sýning, byggð á þjóðlegu efni. Það eru engar ýkjur að segja að þetta hafi komið Kómedíu mjög á óvart því leikurinn var sýndur á íslensku á hátíðinni og þar að auki var um mjög vandaðar sýningar að ræða að mati leikhúsmanna allra. Það er gaman frá því að segja að Vestfirðirnir voru óvart í aðalhlutverki á verðlaunaafhendingunni. Því tvær sýningar voru valdar

sem Besta sýningin og auk Gísla hlaut leikurinn Mr Zingale með Zeljko Vukmirca verðlaun. Zeljko er einn Vestfjarðavina því hann starfaði um tíma á Flateyri og hefur tvívegis sýnt á Act alone leiklistarhátíðinni. Þetta er í annað sinn sem Gísli Súrsson hlýtur verðlaun á leiklistarhátíð úti heimi. Í fyrra hlaut leikurinn verðlaun á Integra leiklistarhátíðinni í Hannover í Þýskalandi. „Einsog áður hefur komið

fram hefur Kómedíuleihúsinu verið boðið á fjölmargar hátíðir með Gísla Súrsson það verður því gaman að sjá hvar kappanum ber niður næst en velheppnuð ferð til Albaníu styrkir leikinn enn frekar til þátttöku á leiklistarhátíðum um heim allan. Kómedíuleikhúsið hefur jafnframt ákveðið að sýna leikinn aðeins á íslensku á hátíðum hér eftir enda gaman að geta kynnt sagnaarfinn með réttu tungumáli“, segir á vef Kómedíuleikhússins.

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
**löggiltur fasteignasali**  
 Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244  
**Guðmundur Óli Tryggvason**  
**löggiltur fasteignasali**  
 Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is  
 Heimasíða: www.fsv.is

<p><b>Hafraholt 14, Ísafirði</b>              19.300.000,-</p>	<p><b>Setjalandsvegur 72, Ísafirði</b>              12.900.000,-</p>
<p><b>Fjarðarstræti 6, Ísafirði</b>              12.300.000,-</p>	<p><b>Brautarholt 9, Ísafirði</b>              21.000.000,-</p>
<p><b>Móholt 4, Bolungarvík</b>              15.500.000,-</p>	<p><b>Höfðastigur 12, Bolungarvík</b>              13.600.000,-</p>
<p><b>Drafnargata 11, Flateyri</b>              8.000.000,-</p>	<p><b>Stórholt 9, Ísafirði</b>              16.200.000,-</p>
<p><b>Sumarbústaður í Tungu</b>              11.500.000,-</p>	<p><b>Silfurgata 11, Ísafirði</b>              10.000.000,-</p>



Gísli Súrsson sló í gegn í Albaníu.



# Ævintýraferðir í N-Atlantshafi

Ferðþjónustufyrirtækið Borea Adventures á Ísafirði gerir út skútuna Áróru, sem er stærsta skúta landsins. Meðal þess sem fyrirtækið býður upp á er skíðaferðir á vorin, náttúruskoðun með megináherslu á fugla og refi, ævintýraferðir þar sem blandað er saman sjókaðalsiglingum í Jökulfjörðum og á Hornströndum, snorkköfun í Reykjanesi, fjallahjólaferðum, jöklagöngu á Drangajökli. Fyrirtækið er rekið af Sigurði Jónssyni og Rúnari Óla Karlssyni sem báðir hafa unun af útivist. Þeir hafa farið þó nokkrar ferðir á skútunni og er reksturinn er að fara á fullt nú í vor. Bæjarins besta sló á þráðinn hjá Rúnari Óla Karlssyni og spurði hann hvernig framtíðin liti út hjá Borea Adventures.

– Hvernig leggst sumarið í ykkur?

„Sumarið leggst bara vel í okkur. Vorið er búið að vera mjög gott og munum við fara í sex skíðaferðir frá þremur til sex daga áður en maí lýkur. Þetta hafa verið hópar frá Frakklandi, Bandaríkjunum, Kanada og Íslandi. Sumarið er frekar opið ennþá og við eigum eftir að sjá betur hvað gerist. Við erum með nokkrar ferðir staðfestar í náttúrlífskoðun á Hornströndum þar sem selir, fugla-  
björgin

og refurinn alræmdu spila stórt hlutverk, kajakferðir með breska ferðamenn, „gúrmei“ ferðir þar sem Muggi hafnarstjóri (Guðmundur M. Kristjánsson innskot blaðamanns) ætlar að koma með sem kokkur og ýmislegt fleira. Síðan erum við að taka nokkra hópa frá fyrirtækjum í Reykjavík og vonum að fyrirtæki hér á svæðinu taki sig saman og skelli sér með í einn eða tvo sólarhringa. Við erum alltaf tilbúnir að sérsníða ferðir eftir hvers manns óskum.

Grænland mun líklega spila stórt hlutverk en það lítur út fyrir að við förum fimm ferðir til Grænlands með breska klifurleiðangra. Það er þó ekki enn komið á hreint og svo er það auðvitað isinn sem hefur lokaorðið hvort við komumst í land.“

## Góðar viðtökur

– Borea Adventures tók þátt í tveimur ferðakaupstefnum á þessu ári, hvernig tókst til?

„Það gekk bara vel og við höfum fengið nokkrar bókanir eftir sýninguna. Reyndar var þetta aðallega ein ferðasýning sem heitir Adventure Travel Show en hin sýningin var London Boat Show og þangað förum við aðallega til að skoða okkur um. Það vildi til að sýningarnar voru á sama tíma.“

– Nú hefur Áróra farið í þó nokkrar ferðir, á hvaða staði



Ævintýraferðirnar eru ógleymanlegar.



Frá skíðaferð sem farin var í apríl.

eru þið helst að fara til?

„Við erum eingöngu í Jökulfjörðum í skíðaferðunum en munum fikra okkur yfir á

Hornstrandirnar þegar fer aðeins að hlýna. Ísafjardardjúp kemur líka við sögu í nokkrum ferðum. Þetta er í raun okkar aðal svæði auk austurstrandar Grænlands. Síðan förum við líklega í skíðaferð til Jan Mayen í júní

á næsta ári með  
n o r s k a  
skíða-



Skútan Áróra er sú stærsta á landinu.

menn. Allt Norður-Atlantshafið er í raun okkar heimasvæði en norðanverðir Vestfirðir henta flestum okkar ferðum mjög vel.“

– Var þörf fyrir svona ferðþjónustu hér á Ísafirði?

„Það verður bara að koma í ljós. Ég held að það hafi verið þörf á svona ferðþjónustu í Norður-Atlantshafi. Allavega hafa viðtökurnar verið góðar.“

– Hafa viðtökurnar þá verið eins góðar og þið vonuðust eftir?

„Við erum á svipuðu róli og við vonuðumst eftir nema að skíðaferðirnar hafa selst betur en við áttum von á. Það er byrjað að bóka fyrir 2008 og þegar þrjár ferðir seldar.“

– Er þið bjartsýnir á framtíðina?

„Við erum það og enginn ástæða til annars. Ef söluvaran er góð og markaðssetningin fylgir með, þá er ekkert að óttast.“

– thelma@bb.is



Kajakferðir eru meðal þess sem Borea Adventures býður upp á.



# HG fær tvíbytnu í fiskeldið

Hraðfrystihúsið Gunnvör fékk á dögnum til sinn nýjan bát, tvíbytnuna Rán ÍS, sem verður notaður við fiskeldi HG. Aðallega verður báturinn notaður við fóðrun í fiskeldinu, en um borð er sérstök blástursvél, sem blæs fóðri í kviarnar. „Þetta verður allt annað líf,“ segir Þórarinn Ólafsson, starfsmaður í fiskeldinu, „hingað til höfum við verið að handmoka fóðrinu í kviarnar en með þessum nýja báti ættum við að losna við moksturinn að einhverju leyti. Það verður mikill munur, en báturinn verður tekinn í notkun á næstu dögum.“ Tvíbytnan var smíðuð í Færeyjum, en HG keypti hana frá Skotlandi.

Á heimasíðu HG kemur fram að fiskeldi fyrirtækisins skiptist í tvö megin verkefni. Annað snýr að áframeldi á villtum þorski. Þá er eins til tveggja kg. þorskur veiddur, færður lifandi í sjókvíar og alinn þar í nokkra mánuði. Síðan er honum slátrað eftir að hafa meira en tvöfaldað þyngd sína í áframeldinu.

Hitt verkefnið er tilraunaeldi á seiðum sem alinn eru upp í slátruhæfan fisk. Seiðin eru bæði klakin úr hrogni í seiðaeldisstöð (stríðeldi) og alin áfram í sjókvím til slátrunar eða veidd (strjáeldi) 2-5 g að þyngd og alin í seiðaeldisstöð og síðan áfram í sjókvím til slátrunar.

– tinna@bb.is



Tvíbytnan Rán ÍS var sjósett á dögnum.

# Vilja að ríkið taki yfir kostnað vegna refa- og minkaveiða

Fjórðungssamband Vestfirðinga á að krefjast þess að ríkið taki alfarið yfir kostnað vegna refa- og minkaveiða. Þetta kemur fram í tillögum vinnuhóps Fjórðungssambandsins um aðgerðir og reglur vegna refa- og minkaveiða. Í tillögnum var einnig lagt til að sveitarfélög á Vestfjörðum taki upp samræmdar reglur um refa- og minkaveiðar. Þá var mælt til þess að óskað verði eftir samstarfi við Umhverfisstofnun og umhverfissráðuneyti um leiðir til að fækka refum í kringum Hornstrandarfriðlandið. Metin verði,

á vistfræðilegum forsendum, ásætlanleg stofnstærð refa í friðlandinu.

Á þeirri forsendu verði hægt að ákveða þann fjölda dýra sem fella þarf árlega til að halda stofninum í ákveðnum fjölda dýra. Þetta krefst þess að vöktun verði á stofninum og að veiðipólið verði metið árlega. Þær veiðar sem þarf þá að framkvæma gætu farið fram vor og haust, eða utan ferðamannatímans. Umhverfisstofnun sæi alfarið um kostnað og framkvæmd veiðanna, en í samráði við viðkomandi sveitarfélög. Til vara

mætti taka upp viðræður um ríkið að það komi sérstaklega til móts við sveitarfélög á Vestfjörðum vegna fjölda refa í fjórðungnum. Tillögurnar voru samþykktar á stjórnarfundum þann 9. maí sl. og sendar til umfjöllunar hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Vinnuhópurinn var skipaður í samræmi við ályktun vegna refa- og minkaveiða á Vestfjörðum sem samþykkt var á 51. Fjórðungssþingi Vestfirðinga í september sl. Í hópnum sátu Barði Ingibjartsson, Guðbrandur Sverrisson og Sighvatur J. Þórarinnsson.



Vinnuhópur Fjórðungssambands Vestfjarða hefur skilað af sér skýrslu um aðgerðir og reglur vegna refa- og minkaveiða.

# Gera úttekt á möguleikum Vestfjarða sem þjónustumiðstöðvar

Ríkisstjórninni hefur verið falið að gera úttekt á möguleikum þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við vaxandi fiskveiðar við Austur-Grænland. Þetta var samþykkt á Alþingi í framhaldi af þingsályktunartillögu sem lögð var fram af Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur. Þá á að skoða sérstaklega þann kost að þjónustumiðstöð og umskipunarhöfn fyrir siglingar í Norðurhöfum verði á Vestfjörðum. Sérstaklega er tekið fram að hafa skal náið samráð við heimamenn við gerð úttektarinnar.

Í greinagerð Alþingis segir

m.a. að íbúar Vestfjarða hafa háð mikla varnarbaráttu í atvinnu- og byggðamállum og íbúaþróun hefur verið þar óhagstæð síðustu áratugi. Ekki þykir séð fyrir endann á þeirri neikvæðu þróun ef ekki tekst að snúa vörn í sókn, ekki síst hvað varðar atvinnulíf og launþróun. Gert er grein fyrir því að á Ísafirði er lífhöfn frá náttúrunnar hendi og þar eru mikil mannvirki. Höfnin er stór og góð aðstaða fyrir allar stærðir skipa. Ísafjörður liggur mjög vel við þegar skip sem eru að veiðum við Austur-Grænland þurfa að sækja sér þjónustu og hafa útgerðir frá Noregi og Færeyjum helst nýtt sér þjónustuna undanfarin ár.

Þjónustugetan er þó sögð miklu meiri og því vannýttir möguleikar á að þjónusta útgerð, fiskvinnslu og flutninga til Austur-Grænlands.

Þá er í greinagerðinni sagt mikilvægt að koma á tengslum og samvinnu milli Vestfjarða og byggðarlaga á Austur-Grænlandi. „Þjónusta í Ísafjarðarbæ er fjölbreytt og má þar nefna vélsmiðjur, veiðarfæragerð og framleiðslu á tækjum til veiða og vinnslu. Einnig er nægt kristalstært vatn úr Vestfjarðargöngum til staðar við höfnina. Umhverfi til atvinnurekstrar er því gott og víða leynast tækifæri á sviði sjávarútvegs. Mikilvægt er að fullnýta þá þjónustu sem



Á Ísafirði er lífhöfn frá náttúrunnar hendi og þar eru mikil mannvirki.

býðst í Ísafjarðarbæ og styrkja þar með rekstrargrundvöll fyrir tækja sem hefur verið að veikjast vegna samdráttar í útgerð og fiskvinnslu.

Siglingar í Norðurhöfum munu aukast með hlýnandi veðráttu og Ísland því að flest-

ra dómi álitlegur möguleiki þegar skoðaðir eru kostir fyrir umskipunarhöfn í Norður-Atlantshafi. Vestfirðir og þá einkum Dýrafjörður hefur verið nefndur í því sambandi. Þar er aðdjúpt og því góð náttúrleg skilyrði fyrir stórskipahöfn.

Þar er einnig flugvöllur sem unnt væri að stækka. Miklu skiptir að sjálfsgöðu að vanda staðarval, skipulag og hönnun umskipunarhafnar með umhverfissjónarmið í huga, ef til kemur.“

– tinna@bb.is



# Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltdóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

## Blogg Hlyns Þórs Magnússonar

<http://maple123.blog.is/blog/maple123/>

„Mér skilst að hundakjöt sé prýðismatur. Það er sjálfsgætt og vinsæll matur í Austur-Asíu, rétt eins og t.d. kattakjöt. Viðbrögð Vesturlandabúa gagnvart hundakjötsáti virðast iðulega svipuð og viðhorf margra útlendinga til íslensku sviðanna: Hneykslun og ógæð. Núna er greint frá því í fréttum, að breskur listamaður hafi matreitt hund til þess að mótamæla refaveiðum konungsfjölskyldunnar. Þetta átti víst að hneyksla.“

### Smáauglýsingar

Til sölu er húseignin að Heiðarbrún 1 í Bolungarvík. Húsið er 200m<sup>2</sup> með bílskúr. Á efri hæð eru 3 svefn. herb., baðherbergi, eldhús, búr, hol og stofa. Á neðri hæð eru tvö góð herbergi, hol, lítið gestaherbergi og þvottahús. Uppl. í síma 861 7527 eða 456 7527.

Til sölu eða leigu er 3ja herb. íbúð að Fjarðarstræti 38 á Ísafirði. Íbúðin er laus. Upplýsingar í síma 861 8388.

Til sölu er borðstofuborð og 8 stólar á kr. 25 þús. og stofuskápur á kr. 10 þús. Upplýsingar í síma 891 7747.

Til leigu er 70m<sup>2</sup> íbúð á eyrinni frá 1. sept. til maí loka. Eitthvað af húsgögnum getur fylgt. Uppl. í síma 867 6657 og 892 9282.

Par með tvö börn vantar íbúð til leigu á Ísafirði frá 1. júlí. Reglusöm og auðveld í umgengni. Uppl. í síma 849 8699.

### Act alone fréttir

Act alone leiklistarhátíðin verður haldin fjórða árið í röð dagana 27. júní – 1. júlí á Ísafirði. Sem þýðir að hátíðin hefur nú lengst um einn dag og stendur gleðin nú yfir í fimm daga. Act alone er eina árlega leiklistarhátíðin á Íslandi og er aðgangur að hátíðinni ókeypis.

Dagskrá Act alone hefur aldrei verið jafn viðamikil og í ár. Alls verða 18 sýningar í boði einnig verður sýnd heimildarmynd um einleikjaformið, haldin leiklistarnámskeið og fleira skemmtilega einleikið. Á heimasíðu Act alone [www.actalone.net](http://www.actalone.net) má sjá dagskrá hátíðarinnar.

Tvö leiklistarnámskeið verða haldin á Act alone í sumar. Ole Brekke, skólastjóri The Commedia School í Kaupmannahöfn, verður með námskeið í einleik og Helga Arnalds, brúðulistamaður, verður með brúðuleikhúsnámskeið. Skráning á námskeiðin er þegar hafin á heimasíðu hátíðarinnar [www.actalone.net](http://www.actalone.net). Vissara fyrir áhugasama að vera snöggir til vegna takmarkaðar þátttakendafjölda.

Tveir erlendir listamenn verða á Act alone í sumar. Fyrirnefndur Ole Brekke mun auk námskeiðahalts sýna leikinn Otomoto: The authority en á Act alone í fyrra fengu gestir einmitt að kynna trúðnum Otomoto í frábærri sýningu og nú fáum við að sjá næsta ævintýri kappans. Hinn erlendir gesturinn er einnig trúður og kemur frá Eistlandi. Leikurinn nefnist Mr. Tross og er leikinn af Toomas Tross.

Act alone hefur frá upphafi verið haldin í Hömrum en dagskrá hátíðarinnar í ár tegir sig víðar um Ísafjörð og allt yfir í Dýrafjörð. Meðal annarra sýningarstaða má nefna Edinborgarhúsið, Austurvöll og Félagshöfðin í Haukadal.

### Spurning vikunnar

Efrtu farin(n) að skipuleggja sumarfríð?

Alls svöruðu 479.

Já sögðu 285 eða 60%

Nei sögðu 122 eða 25%

Fer ekki í frí sögðu

72 eða 15%

Netspurningin er birt vikulega á [bb.is](http://bb.is) og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



## Fnykur í Edinborgarhúsinu

Það er nóg að gera þessa dagana hjá Samúel Jóni Samúelssyni, sem oft er kenndur við hljómsveitina Jagúar, en hann gaf út nýja plötu, Fnyk, ásamt stórsveit sinni um miðjan maí. Samúel kemur vestur á Ísafjörð þann 9. júní næstkomandi, til að kynna plötuna, og verða haldnir tónleikar með honum og stórsveitinni í nýuppperðu Edinborgarhúsi þann 9. júní.

„Þetta er plata með tónlist sem ég samdi sérstaklega fyrir stórsveit,“ segir Sammi, en árið 2005 hlaut hann starfs-laun listamanna til að semja tónlistardagskrá fyrir stórsveit, og er þetta afraksturinn. „Aðallega er þetta fönktónlist sem ég samdi upprunalega fyrir stórsveit Reykjavíkur, en spila núna með mínu eigin bandi, stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar.“

Aðspurður um nafn plötunnar, Fnykur, segir Samúel það vera það íslenska orð sem kemst næst enska orðinu „funk“, en tónlistin á plötunni er sem áður sagði mikið til í þeim tónlistarstíl, s.s. fnyk. Samkvæmt Íslenskri orðabók þýðir orðið fnykur fýla, ódaunn eða vond lykt. Það samræmist enska orðinu „funk“ sem upprunalega var notað yfir slæma lykt, einkum líkamslykt eða svitalykt, samanber enska orðatiltekið „there’s something funky going on in here“.

Fnykur var tekin upp á vordögum, en átján manna stórsveit fylgir henni eftir með Samma, fimm saxafónleikarar, þ.á.m. Haukur Gröndal, fjórir trompetleikarar, fjórir básúnuleikarar, en Sammi er einn af þeim, auk þess sem Davíð Þór Jónsson spilar á hljómborð, Helgi Svavar

Helgason á trommur, Ingi Skúlason á bassa og Ómar Guðjónsson er á gítar.

Sammi er ekki ókunnur starfi innan stórsveitar, en hann hefur starfað með Stórsveit Reykjavíkur bæði sem básúnuleikari, útsetjari og Stjórnandi. Haustið 2006 kom út hljómsveitarmyndin Majones jól með Stórsveit Reykjavíkur og Bogomil Font en Sammi útsætti meirihluta þeirrar plötu, ásamt því að stjórna sveitinni. Þá stjórnaði hann Stórsveit Reykjavíkur við afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í janúar síðastliðnum, ásamt því að útsetja fyrir sveitina.

–Hvernig kemur það til að þú ákvaðst að koma vestur að spila?

„Ég bjó á Ísafirði sem krakki og langaði að koma og spila af nýju plötunni þar. Svo vissi ég af þessu húsi, Edinborgarhúsinu, og að það yrði tilbúið í sumar. Ég setti mig í samband við Mugison og Mugga pabba hans, það er skemmst frá því að segja að þeim leist svona vel á hugmyndina og sáu um að koma tónleikunum í kring fyrir mig. Þetta verður rosalega gaman. Mér líst vel á að spila í nýuppperðu Edinborgarhúsinu, ég sá það í fyrrasumar og mér skilst að endurbýggingin hafi gengið mjög vel og að þetta sé flottur staður.“

–Hefurðu spilað á Ísafirði áður?

„Já, ég hef spilað nokkrum sinnum með Jagúar fyrir vestan, bæði á Ísafirði og víðar, og svo spilaði ég með Sigur Rós í Edinborgarhúsinu í fyrrasumar. Ég hef hinsvegar ekki komið með þessu bandi áður. Ég er því mjög spennur



Samúel Jón Samúelsson.

að koma vestur.“

–Hvernig viðtökur hefur Fnykur fengið?

„Platan kom út um miðjan maí og viðtökurnar hafa verið frábærar hingað til. Það er auðvitað stutt síðan hún kom út og ég hef því engar tölur um sölnu, en mér finnst fólk taka henni vel.“

–Hvert er svo framhaldið hjá þér?

„Framhaldið hjá mér er að

fylgja þessari plötu eftir, auk annarra verkefna. Við í Jagúar erum t.d. að gera plötu sem kemur vonandi út seinna í sumar, þetta verður fjórða stúdíóplata hljómsveitarinnar, en við förum til Danmerkur í febrúar til að taka upp lög á plötuna. Það er því nóg að gera.“

–Verður þá ekki farið í tónleikaferð um landið í sumar til að kynna Fnyk?

„Ég ætla að reyna eins og ég get að spila sem víðast, en það er erfitt með svona stóra hljómsveit að ferðast mikið. En ég reikna með að koma allavega einu sinni á helstu staði í kringum landið, og eru tónleikarnir á laugardaginn liður í því. Ég skora því á fólk að koma á tónleikana á Ísafirði, því ekki er víst að hljómsveitin komist aftur vestur í bráð.“

–tinna@bb.is



## Eldri hjón urðu fyrir gaseitrun

Eldri hjón voru flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann í Fossvogi um kl. 14 í gær eftir að þau fundust meðvitundarlaus í hjólhýsi í Djúpadal á Barðaströnd. Grunur leikur á að þau hafi orðið fyrir gaseitrun. Að sögn Ófeigs Þorgeirssonar, læknis á slysa- og bráðadeild Landspítalans, er líðan þeirra stöðug. Ófeigur segir í samtali við mbl.is að ekki sé ólíklegt að hjónin hafi orðið fyrir komónoxsídseitrun, en það hafi þó ekki enn verið staðfest.



# Sálmar Þorsteins Hauks

Þorsteinn Haukur Þorsteinson vinnur nú að því að klára hljómdisk sem inniheldur frumsamið efni við sálma. Á tónleikum sem haldnir verða í Ísafjarðarkirkju verður efni disksins kynnt en auk Þorsteins Hauks munu Guðrún Jónsdóttir sópransöngkona og Kristín Lilja Kjartansdóttir syngja á tónleikum ásamt Kammerkórnum. Hljómdiskurinn á að bera sömu yfirskrift og tónleikarnir sem er Lofgjörð til þín.

Þorsteinn Haukur hefur þó hingað til verið þekkt fyrir annað en tónlist en hann hefur vakið mikla athygli fyrir forvarnarstarf sitt með unglíngum og vinnu sína með fikniefnaleitarhundinum Bassa. Bæjarins besta settist niður með Þorsteini Hauki og spurði hann út í tónlistina og væntanlegan hljómdisk.

„Hljómdiskurinn hefur fengið heitið Lofgjörð til þín sem hefur tvöfalda merkingu. Það getur annað hvort þýtt lofgjörð til drottins eða bara hvers sem hlustar á diskinn. Hann verður væntanlega gefinn út í lok nóvember. Efni af disknum verður flutt á tónleikum með Kammerkórnum í kvöld og svo á öðrum tónleikum með

Lögreglukórnum í haust. Stór partur tónleikanna tveggja verður hljóðritaður og svo notaður á diskinn.“

– Hvers konar tónlist er um að ræða?

„Þetta er einhvers staðar mitt á milli trúarlegrar tónlistar og gospels, hann er fyrst og fremst hugsaður sem sálmadiskur. Um er að ræða verk efni sem ég er búinn að vera með í maganum í mörg ár og þarf að klára. Ég er einnig að vinna að annars konar tónlist svo það mun eitthvað af henni rata á diskinn með sálmunum. Allt efni er frumsamið á disknum og er allt frá árinu 1996 fram á nú, en nýjasta lagið var samið fyrir um mánuði síðan. Það er lag við texta sem ég fann í kirkju fyrir mörgum árum. Lagið hafði verið lengi á leiðinni en kom loksins út fyrir um mánuði og ég hef verið að vinna í að útsetja það. Það mun fljóta með á tónleikum.“

– Þannig að diskurinn er enn í vinnslu?

„Já, raunverulega er þetta í vinnslu hjá mér fram á síðasta dag. Maður er sífellt að taka út, bæta við og „remixa“. Það er alltaf eitthvað sem maður vill bæta. Ég er með geysi-

sterkan mann mér við hlið við tæknivinnuna, hann Jóhannes Jónsson, sem er upptökustjóri og hljóðmaðurinn minn. Hann er alveg stórkostlega hæfileikaríkur maður.“

Ég er umvafinn hæfileikafólki á öllum sviðum. T.d. það að fá þessa mikla söngkonu sem Guðrún Jónsdóttir og þennan frábæra kór Kammerkórinn til liðs við sig er mikil lyftistöng fyrir mig sem tónlistarmann. Ég hef mætt alveg einstakri góðvild hjá öllum sem ég hef leitað til. Maður getur því ekki verið annað en mjög þakklátur. Þar má nefna að Rúna Esradóttur útsetti fyrir mig sex sálma fyrir kór. Ég stend í miklu þakklæti við þá hæfileikaríku konu.

Svo syngur konan mín, Kristín Lilja Kjartansdóttir, með mér í einum sálmi. Við syngjum tvísöng í sálmi við írskt þjóðlag. Hún hefur mikið verið að syngja með mér í gegnum tíðina og er stuðningsmaður minn númer 1. Ég væri ekki staddur á þeim stað sem ég er í dag sem tónlistarmaður ef ekki væri fyrir hana.“

– Hefurðu alltaf haft áhuga á tónlist?

„Já ég hef alla tíð haft áhuga á tónlist. Ég spilaði mikið sem

strákur en svo kom mjög langt hlé hjá mér. Í kringum 1991-92 tók ég aftur upp þráðinn og lék þá með hljómsveit. Ég spilaði á gítar, píanó og saxófón. En svo kom annað langt hlé á meðan ég var með fikniefnaleitarhundinum Bassa. Þá hreinlega var ekki tími til annars en að vinna. Þegar Bassi hætti og fór á eftirlaun fékk ég allt í einu tíma til þess að sinna tónlistarhuganum. Ég keypti mér upptökuforrit og tölvu og fór sjálfur að taka upp og útsetja. Ég hef verið í því í um þrjú ár og Lofgjörð til þín er afraksturinn.“

– Er einhver sérstök ástæða fyrir því að þessi tónlist varð fyrir valinu?

„Reyndar ekki. Ég á mína trú og hef alltaf átt frá barnsaldri, og segja má að þetta sé uppgjör sem fullorðins manns við mína trú. Ég er þannig gerður að ég er ekki að bera mína trú á borð fyrir aðra, en samt blundar í mér þessi sterka þrá að koma minni trú á framfæri einu sinni, og þá í gegnum tónlist“, segir Þorsteinn Haukur og bætir við að allir séu hjartanlega velkomnir á tónleikana sem hefjast kl. 20 í kvöld.

– thelma@bb.is

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Útlit fyrir hæga austlæga eða breytilega átt með skúrum eða rigningu víða um land. Hiti 6-15 stig.

**Horfur á laugardag:** Útlit fyrir hæga austlæga eða breytilega átt með skúrum eða rigningu víða um land. Hiti 6-15 stig.

**Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir hæga austlæga eða breytilega átt með skúrum eða rigningu víða um land. Hiti 6-15 stig.



Sælkeri vikunnar er Eygló Valdímarsdóttir á Ísafirði

## Grillaður lundi og bláberjakaka

Sælkeri vikunnar býður upp á skemmtilegan rétt sem brýtur upp hinn þjóðlega sælkera-mat sem lundi er. Hann er marineraður og skellt á grillið og útkoman er gómsæt. Eygló mælir með að bera lundann fram með sætum kartöflum og grilluðum tómötum og lætur einnig uppskrift að meðlætinu fylgja. Í eftirrét er svo ljúffeng bláberjabaka.

### Marineraður grillaður lundi

*Marinering:*

- 1 dl olía
- 2 msk hvítlaukssalt
- 2 msk villibráðakrydd
- 1 msk pipar
- 1 dl franskt sinnep

Skerið bringurnar af beinum og snyrtið. Látið liggja í kryddleginum í að minnsta kosti 2 sólarhringa, jafnvel 3. Grillið svo bringurnar á vel heitu grilli þar til steiktar. (Þessi uppskrift er einnig mjög góð ef notaður er svartfugl.)

Með þessu er mjög gott að borða sætar kartöflur, skornar í hæfilega stóra bita, velt upp úr smá olíu og rósmaríni, sett í eldfast form og í ofn þar til steiktar í gegn.

Líka er gott að hafa grillaða tómata

Skerið lokið af tómötum og takið hluta kjötsins innan úr

með skeið. Saxið hvoru tveggja. Hrærið saman ost, brauðrasp, finsaxaða tómata, basilikum, salt og pipar. Setjið fyllinguna í tómata og látið á álpappír. Glóðið þar til osturinn fer að bráðna.

### Bláberjabaka

*Deig:*

- 2 bollar hveiti
- 2/3 bollar smjörliki
- 1 tsk salt
- 4-5 msk vatn

Öllu blandað saman. Helmingur deigsins notaður til að klæða bökuform að innan.

*Fylling:*

- 1/4 bolli hveiti
- 1/3 bolli sykurl
- 1/2 tsk kanill
- 3 bollar ný bláber (helst íslensk)
- 1 tsk sítrónusafi
- 1 msk smjör

Blandið öllu saman og setjið í bökuformið. Fletjið hinn helminginn af deiginu er svo fluttur út og bökunni lokað. Baka er svo bökuð í 180° gráðu heitum ofni þangað til hún er orðin gyllt ofan á. Gott er að bera hana fram með ís eða rjóma.

Ég ætla að skora á Svanhildi Garðarsdóttur og Ragnar Kristjánsson á Ísafirði.

**Það er ódýrara að vera áskrifandi! Síminn er 456 4560**



